



ÉG ER

sjúkur

Í ÞIG

ÁRSSKÝRSLA
2018

Ritstjórn:

Tölfræðivinnsla og texti í tölfræðihluta:
Anna Þóra Kristinsdóttir

Texti í textahluta:
Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir

Umbrot og prentun:
Prentmet



Efnisyfirlit

Um ársskýrslur Stígamóta	5
Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta.....	6
Sjálfhjálparstarfið	8
Fjáröflun	11
Vitundarvakning	14
Samstarf og samráð.....	18
Skipulag Stígamóta	21
Tölulegar upplýsingar	23
Grunnupplýsingar.....	24
Lýðupplýsingar um brotþola	30
Um ofbeldisverkin.....	35
Afleiðingar kynferðisofbeldis.....	44
Kynjamunur á kynferðisofbeldi og afleiðingum þess fyrir brotþola....	50
Upplýsingar um þá einstaklinga sem beittu kynferðisofbeldi.....	57
Kærð mál	68
Aðstandendur	70

Um ársskýrslur Stígamóta

Í þessari ársskýrslu segir frá 29. starfsári Stígamóta. Gerð er grein fyrir hugmyndafræðinni að baki starfinu, sjálfshjálparstarfinu, fjáröflun, fræðslu og pólitískri samfélagsvinnu. Síðast en ekki síst eru teknar saman tölulegar upplýsingar ársins. Grunninn að skipulagðri gagnasöfnun lagði dr. Guðrún Jónsdóttir stofnandi Stígamóta. Þau tölulegu gögn sem safnað hefur verið, hafa reynst mikilvægt hjálpartæki við að greina umfang, eðli og afleiðingar kynferðisofbeldis. Í gögnin hefur verið vitnað í mörgum þingmálum, fjölda skólaritgerða á öllum skólastigum, í blaðagreinum og fjölmiðlaumfjöllun auk þess sem þau eru okkur starfsfólki Stígamóta leiðarljós við forgangsöðun pólitískra verkefna.

Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta

Hinn 8. mars 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna. Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sifjaspellum. Hóparnir kynntu starfsemi sína á fjölmönnum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu, heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem höfðu verið beitt kynferðisofbeldi og byggja starfið á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast og þaðan sem leiðirnar geta verið margar, hóf síðan starfsemi sína 8. mars 1990.

Á enga er hallað þó tekið sé fram að dr. Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi hin eldri sé heilinn á bak við tilurð Stígamóta. Hún hafði þekkinguna, eldmóðinn, hugmyndirnar og kraftinn til þess að hrífa með sér alla kvennahreyfinguna og skapa það einstaka úrræði sem Stígamót hafa orðið.

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á hugmyndum kynjafræðinnar um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun. Karlar eru oftast en ekki í valdastöðu gagnvart konum og börnum, ófatlað fólk í valdastöðu gagnvart fötlugu fólki, innlendir gagnvart fólki af erlendum uppruna o.s.frv. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru, samkvæmt okkar tölum, í miklum mæli karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjamisréttis.

Á Stígamótum er litið svo á að þeir sem beita ofbeldinu noti það sem stjórnþæki til þess að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Markmiðið er að lítillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem beitt er ofbeldinu. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki



Á árinu gerðu Stígamót breytingar á húsnæði samtakanna og tóku í notkun nokkrar nýjar skrifstofur og gott opið rými.

aðeins tengdar þeim sem því eru beitt. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

Kynjafræðilegar kenningar marka einnig viðhorf og grunngildi í starfi með þeim sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi, hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða sjálfshjálparhópum. Femínísk viðhorf fela í sér þau megin gildi að líta ekki á þau sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúka einstaklinga heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð einstaklinga við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Vinnan á Stígamótum felst því í að gera einstaklinga meðvitaða um

eigin styrk, aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi en ekki sem persónulega vankanta. Fólk sem leitar til Stígamóta ræður sjálft ferðinni, hve mikinn stuðning það vill og í hve langan tíma. Aðstandendur, svo sem foreldrar, makar og vinir geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum óski þeir þess.

Frá upphafi hafa Stígamót lagt kapp á það að þróa starfsemina á þann veg að ólíkir hópar brotþola upplifi sig velkomna, þar má meðal annars nefna karla, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk af erlendum uppruna. Jafnframt hafa Stígamót boðið upp á ráðgjöf á ýmsum stöðum utan höfuðborgarsvæðisins í samstarfi við sveitarfélög á þeim svæðum. Öll þjónusta Stígamóta er ókeypis og því á færi allra að sækja hana óháð efnahag.

Sjálfshjálparstarfið

Einstaklingsviðtöl

Einstaklingsmiðaður stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja á það orð eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins og áhrifum þess á sjálfsmynd þeirra sem því eru beitt. Í ár sóttu 783 einstaklingar viðtöl á Stígamótum, þar af voru 385 nýir brotapolar og 70 nýir aðstandendur. Ítarlegar tölfraðiupplýsingar um ofbeldisbrotin, afleiðingar þeirra, gerendurna og fleira er að finna í tölfraðihluta þessarar ársskýrslu.

Mikil aðsókn hefur verið í ráðgjöfina á undanförunum árum og er það orðið viðvarandi að fólk þarf að bíða í nokkrar vikur eftir fyrsta viðtali sem og milli viðtala. Kappkostar starfsfólk Stígamóta að sinna öllum sem óska eftir þjónustu eftir fremsta megni. Færst hefur í aukana að fólk sækir pararáðgjöf þar sem brotapol og maki koma saman í viðtöl. Hefur það aðallega verið Karen Linda Eiríksdóttir fjölskyldumeðferðarfræðingur sem hefur sinnt því. Þá má nefna að Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur á Stígamótum hefur lagt fyrir fólk greiningarlista til að meta áfallastreitu þegar það hefur átt við.

Sjálfshjálparhópar

Frá upphafi hafa sjálfshjálparhópar verið mikilvægir í starfsemi Stígamóta. Í þessum hópum koma brotapolar saman til að sækja sér styrk og takast á við erfiðleika sem rekja má til afleiðinga kynferðisofbeldis. Með þátttöku í hópastarfi er einangrun rofin og þátttakendur veita hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir í samskiptum þátttakenda og rauði þráðurinn í starfinu er sjálfsefning. Hópunum er kynjaskipt og er reynt að raða í hópa eftir aldri. Sérstakir hópar eru starfræktir fyrir konur með reynslu af vændi til að vinna úr afleiðingum þess.

Hefðbundnir sjálfshjálparhópar á Stígamótum hittast 15 sinnum, í 2,5 tíma í senn og þátttakendur skuldbinda sig til skyldumætingar. Í ár voru einnig gerðar tilraunir með styttri hópa til að mæta betur þörfum þátttakenda. Boðið var upp á átta vikna hóp fyrir ungar konur sem geta svo haldið áfram í opna sjálfshjálparhópnum fyrir sama aldur. Þetta gekk mjög vel og voru þátttakendur ánægðir með árangurinn. Karlahópurinn þetta árið var einnig aðeins styttri eða níu skipti. Það er fyrirkomulag sem hefur reynst vel hjá samtökum eins og Living Well í Ástralíu til að fá fleiri karla til að taka þátt í sjálfshjálparhópum.

Starfræktir voru 8 sjálfshjálparhópar á árinu með samtals 32 þátttakendum. Fjórir starfsmenn Stígamóta leiddu hópa á árinu auk fjögurra leiðbeinenda sem hafa fengið þjálfun á vegum Stígamóta til að sinna þessu starfi. Jafnframt tóku fjórir aðstoðarleiðbeinendur þátt í starfinu en þeir hjálpa til við hópana og fá jafnframt þjálfun sem leiðbeinendur í leiðinni. Leiðbeinendur hittast á fundum einu sinni í mánuði undir handleiðslu Þórunnar Þórarinsdóttur ráðgjafa á Stígamótum. Þá var gerð sú breyting að allir hópaleiðarar sem ekki eru hluti af föstu starfsfólki Stígamóta sækja handleiðslu hjá ráðgjafa að eigin vali á Stígamótum á meðan sjálfshjálparhópurinn er starfandi.

Stígamót á staðinn

Verkefnið Stígamót á staðinn hefur nú verið starfrækt í meira en áratug. Þá flýgur eða keyrir ráðgjafi frá Stígamótum 1-2 sinnum í mánuði í ákveðið bæjarfélag og hittir brotapola þar í einstaklingsviðtölum. Í ár var boðið upp á ráðgjöf á Egilsstöðum, Ísafirði og Akranesi. Stígamót hafa starfrækt ráðgjöfina á Egilsstöðum óslitið frá árinu 2012 og dvelur ráðgjafi yfirleitt í tvo daga því ▶

Stelpurnar á Stígó

Á árinu hóf göngu sína framhaldshópur fyrir ungar konur á aldrinum 18-25 ára en um nýjung er að ræða í starfi Stígamóta. Hópurinn gengur undir nafninu *Stelpurnar á Stígó* og hafa þátttakendur allir verið í viðtölum á Stígamótum og farið í gegnum hefðbundinn sjálfshjálparhóp. Hópurinn er leiddur af Erlu Björgu Kristjánsdóttur og Þóru Björt Sveinsdóttur sem báðar starfa sem ráðgjafar á Stígamótum.

Tilgangur starfsins er að stuðla að samfélagi ungra kvenna sem deila þeirri reynslu að vera brotabolar kynferðisofbeldis sem og að gefa þeim tækifæri að deila reynslu sinni áfram á uppbyggilegan máta. Hópurinn hittist á laugardagsmorgnum tvisvar sinnum í mánuði og var hver mánuður helgaður ákveðnu þema sem unnið var út frá í formi verkefnavinnu og umræðna. Þá voru fengnir gestafyrirlesarar og lögð áhersla á skapandi vinnu.

Með framhaldshópnum hefur náðst að tvinna saman sjálfshjálparvinnu og aktívisma á áhrifaríkan hátt. Eitt af þeim verkefnum sem *Stelpurnar á Stígó* unnu var póstkort sem gefið var út í tengslum við Druslugönguna í júlí. Hópurinn fór saman í gönguna, dreifði póstkortunum og í lok hennar fóru *Stelpurnar á Stígó* upp á svið og lásu afar mikilvæg skilaboð til annarra brotabola sem koma fram á póstkortinu. Þær höfðu þetta að segja:

- Við trúum þér og við stöndum með þér. Þú ert ekki ein/einn.
- Rödd þín má heyrast og hún skiptir máli - Þú mátt taka pláss.
- Allar tilfinningar þínar eru eðlilegar.
- Afleiðingar eru eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum.
- Upplifun þín er það sem gildir – ekki efast um þig eða þína upplifun.
- Þú átt skilið að elska sjálfa/sjálfan þig og sýna þér virðingu.
- Ofbeldið er ekki þín skömm og þú berð ekki ábyrgð. Hana ber ofbeldismaðurinn.
- Brot er brot – þau eru ekki með alvarleikastig.
- Ofbeldið sem þú varðst fyrir skilgreinir þig ekki.
- Þú ert ekki fórnarlamb heldur "survivor". Þú lifðir ofbeldið af.



Stelpuhópurinn í Druslugöngunni í júlí þar sem þær dreifðu skilaboðum til annarra brotabola



- Að takast á við þessa upplifun er langhlaup.
- Fyrirgefðu sjálfri/sjálfum þér.
- Þú stjórnar ferlinu.
- Við erum komnar á betri stað – þú getur það líka.
- Þú ert ekki minnimáttar þó þú þurfir hjálp.
- Það eru til úrræði sem standa þér til boða. Nýttu þér þau.

Strákarnir á Stígó – sjálfshjálparkvöld fyrir karlkyns brotaþola

Á haustmánuðum var tekið upp nýtt fyrirkomulag á strákakvöldunum sem hafa verið haldin síðan 2014. Markmiðið með kvöldunum hefur alltaf verið að skapa þægilega stemningu, þar sem körlum sem hafa nýtt sér þjónustu Stígamóta gefst tækifæri til að hittast og ræða málín við aðra karlkyns brotaþola, í traustu og öruggu rými, með kaffi og góðgæti. Nú eru kvöldin orðin að formlegri sjálfshjálparfundum og í hvert skipti er tekið

fyrir ákveðið viðfangsefni, með áherslu á æfingar og umræður. Markmiðið er valdefling og sjálfsstyrking, að ræða og deila aðferðum og verkfærum. Viðfangsefnin sem tekin voru fyrir í haust voru: Ákvörðunin um að láta sér líða betur; Sjálfsmýndin og sjálfsvirðing; Hver eru gildin þín? og Slökun/Núvitund. Þátttakendur hafa lýst ánægju með þetta markvissa fyrirkomulag og þátttaka á strákakvöldunum jókst strax.

mikil aðsókn er í viðtölin. Í heild komu 20 einstaklingar í viðtöl á árinu. Stígamót hófu ráðgjöf á Ísafirði 2016 og hefur aðsóknin aukist jafnt og þétt. Fyrst um sinn var farið í dagsferð en undir lok árs urðu þetta tveggja daga ferðir til að koma öllum að. Í heild voru farnar 8 ferðir og nýttu 12 einstaklingar þjónustuna. Þegar ekki var flogið nýttu flestir sér símaviðtöl við ráðgjafann sinn á Stígamótum.

Kvennakvöld

Haustið 2018 var gerð tilraun með opin kvennakvöld fyrsta miðvikudag í mánuði. Kvöldin eru fyrir Stígamótakonur 25 ára og eldri og hafa ráðgjafarnir Björg Gísladóttir og Þórunn Þórarinsdóttir umsjón með þeim. Megintilgangur kvennakvöldanna er að skapa vettvang til að hittast, spjalla og fræðast um hvernig megi bæta eigin líðan. Auk þess hafa nokkrar Stígamótakonur komið og sagt frá þeim leiðum sem þær hafa fundið út frá sjálfshjálparvinnunni á Stígamótum til að auka lífsgæði sín. Hafa kvöldin mælst vel fyrir og verið ágætlega sótt.

Börn og unglingar

Hjá Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað sjálfshjálparstarf með börnum nema mál þeirra hafi fengið meðferð barnaverndaryfirvalda. Margir foreldrar, aðstandendur og fagfólk hringja þó og leita ráða um hvernig eigi að bregðast við hafi þau grun um að börn sem þeim tengjast hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Þeim er ávallt veitt ráðgjöf en jafnframt bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd, hringja í 112, hafa samband við lögreglu eða leita ráða hjá Barnahúsi. Þegar mál eru þekkt af barnaverndaryfirvöldum og/ eða foreldrum eru börn og unglingar boðin velkomin til Stígamóta. Þannig voru 4 einstaklingar yngri en 18 ára í viðtölum árið 2018. Vert er að nefna að þó Stígamót taki aðeins á móti fólki 18 ára og eldra í viðtöl voru rúmlega 70% þeirra sem leituðu til Stígamóta á árinu fyrst beitt kynferðisofbeldi áður en þau urðu 18 ára.

Fjáröflun

Mánaðarlegir styrktaraðilar

Á undanförunum árum hafa mánaðarleg framlög einstaklinga til starfseminnar gert Stígamótum kleift að vaxa og dafna. Nú eru mánaðarlegir styrktaraðilar Stígamóta rúmlega 3700 og mynda styrkan fjárhagslegan grunn fyrir samtökin. Mánaðarlegir styrktaraðilar hafa hjálpað til við að svara aukinni eftirspurn eftir aðstoð við brotaþola kynferðisofbeldis og gert forvarnaverkefni á borð við *Sjúkást* að veruleika. Þessi framlög eru Stígamótum ómetanleg en heildarframlag þeirra á árinu var rúmlega 50 milljónir króna.

Á árinu gengu rúmlega 850 manns í hóp mánaðarlegra styrktaraðila. Þar af skráðu tæplega 600 manns sig eftir samtal við götukynni á okkar vegum síðastliðið sumar. Hjá Stígamótum starfaði öflugur hópur af ungu fólki sem síðdegis og á kvöldin bankaði upp á hjá fólki og átti við það samtal um starfsemi Stígamóta og baráttuna gegn kynferðisofbeldi. Um 250 manns gengu til liðs við styrktarhópinn eftir símtal frá Stígamótum og aðrir skráðu sig ýmist í gegnum vefsíðu, tölvupóst eða með símtali til Stígamóta. Við erum þakklát fyrir bæði eldmóð og dugnað fólksins okkar í götukynningum og úthringingum og þær hlýju móttökur sem þau hafa fengið hjá almenningi.

Framlag stjórnvalda

Frá stofnun hafa Stígamót fengið rekstrarframlag frá stjórnvöldum í gegnum velferðarráðuneytið sem hafa gert starfsemina að veruleika. Á árinu 2018 nam þessi upphæð kr. 77.100.000. Án þessa stuðnings frá ríkinu gætu Stígamót ekki haldið út ráðgjafabjónustunni fyrir þau mörg hundruð manns sem hana sækja á hverju ári.



Styrkir sveitarfélaga

Ár hvert senda Stígamót fjárbeiðni til allra sveitarfélaga á Íslandi og bjóða þeim að taka þátt í baráttunni gegn kynferðisofbeldi með því að styrkja starfsemina. Stígamót og Reykjavíkurborg hafa verið með þjónustusamning til marga ára og nemur framlag borgarinnar nú kr. 12.000.000 á ári. Minni sveitarfélög leggja til lægri upphæðir en á árinu styrktu 28 önnur sveitarfélög Stígamót og nam heildarfjárhæðin tæpum kr. 4.300.000.

Reykjavíkumaraþon

Reykjavíkumaraþonið bætir alltaf og kætir. Í ár söfnuðust áheit fyrir rúmlega kr. 1.200.000 og hlupu um 30 manns í nafni Stígamóta. ►

Mestu munaði um 500.000 króna áheit leikara úr auglýsingunni fyrir maraþonið í ár sem Íslandsbanki greiddi. Í ár var lögð áhersla á #metoo og fengu hlaupararnir fyrirliðabönd hjá Stígamótum til að vekja athygli á stuðningi sínum við brotþola kynferðisofbeldis. Stígamót voru með hvatningarstöð í grennd við JL húsið eins og áður þar sem var mikið fjör.

Erlendir styrkir

Á árinu bárust Stígamótum góðar gjafir erlendis frá. Annars vegar komu rúmlega kr. 2.500.000 frá *Inti Raymi Fund* sem eru bandarísk mannréttindasamtök. Stofnandi samtakanna heimsótti Stígamót á ferðalagi sínu um Ísland fyrir um tveimur árum og heillaðist svo af starfseminni að hann valdi Stígamót sem einn af styrkþegum ársins. Þá komu tveir góðir styrkir frá hinum frábæru samtökum *Donor Direct Action* en það eru femínísk samtök sem styðja kvennasamtök sem vinna á vettvangi víðsvegar um heim. Styrkirnir voru úr sjóði á þeirra vegum sem heitir *Gloria Steinem Equality Fund To End Sex Trafficking* og eru ætlaðir í baráttuna gegn vændi og mansali. Í júní fengu

Stígamót kr. 500.000 og í desember bættu samtökin um betur og gáfu Stígamótum kr. 1.200.000 í baráttuna.

Aðrir styrkir

Stígamót njóta ótrúlegrar góðvildar meðal almennings og félagasamtaka um allt land. Á árinu bárust góðar gjafir frá ýmsum klúbbum, svo sem frá Soroptimistum, Zonta og Oddfellow, samtals kr. 730.000. Þá söfnuðu nemendur í Menntaskólanum í Kópavogi og Háskólanum í Reykjavík fyrir Stígamót í jafnréttis- og góðgerðavikum sínum, samtals kr. 260.000. Deloitte lét jólakortasjóðinn sinn renna til Stígamóta og starfsmannafélag Alcoa Fjarðaráls hreyfði sig í þágu samtakanna og gáfu fyrirtækin samtals kr. 600.000. Þá fengu tveir brotþolar bótagreiðslu frá geranda ofbeldisins sem þær létu renna til Stígamóta, samtals kr. 3.000.000. Nokkrir einstaklingar lögðu góða styrki til starfsins, sérstaklega í þágu þeirra sem eru að vinna úr afleiðingum vændis, samtals tæplega kr. 500.000. Rann þetta fé í *Kristínarsjóð* sem styrkir konur sem eru á leið úr vændi en úthlutað var úr honum til tveggja kvenna á árinu.



Allir krakkar

Um mánaðarmótin október/nóvember stóðu Stígamót fyrir áttakinu #allirkrakkar. Markmið þess var að vekja almenning til vitundar um mikilvægi þess að stunda forvarnastarf gegn kynferðisofbeldi með markvissri fræðslu til ungmenna um mörk og samþykki. Jafnframt var um fjáröflun að ræða þar sem safnað var fyrir stofnun fræðslumiðstöðvar innan Stígamóta sem myndi sinna fræðslu og forvörnum gegn kynferðisofbeldi.

Herferðinni var ýtt úr vör með útgáfu leikinnar auglýsingar sem endurspeglar reynslu brotþola sem leita til Stígamóta. Myndbandið sýndi þroskasögu tveggja krakka og hvernig staðalmyndir og gagnrýnislaus klámnotkun hafa alvarleg áhrif á samskipti þeirra. Átakið náði svo hámarki fimmtudagskvöldið 1. nóvember með rúmlega klukkustundarlöngum fræðslu- og fjáröflunarbætti á RÚV. Í þættinum var rætt við brotþola ofbeldis í unglingasambandi, fagfólk sem starfar við fræðslu og forvarnir á þessu sviði, ungan mann sem lýsti klámnotkun, foreldra og sitthvað fleira. Vakin var sérstök athygli á verkefni Stígamóta *Sjúkást* sem miðar að því að fræða ungmenni um mörk og samþykki.

Fyrirtæki studdu vel við átakið og var framlag þeirra í heild rúmlega 6 milljónir króna. Í heildina styrktu 18 fyrirtæki málefnið og komu stærstu styrkir frá N1 og HB Granda sem lögðu til sitthvora milljónina. Almenningsur sendi SMS-ið *Allirkrakkar* í númerið 1900 og lagði þannig til kr. 1900 með hverju sms-i eða hringdi í símaverið á meðan útsendingunni á RÚV stóð. Alls söfnuðust rúmar fjórar milljónir frá almenningi. Söfnunarféð úr áttakinu mun verða nýtt í forvarnastarf Stígamóta - þá sérstaklega í verkefni *Sjúkást* og *Bandamenn* sem vonandi munu vaxa, dafna og ná til fleira fólks á komandi árum.



Af hverju #allirkrakkar

Meðalaldur íslenskra stráka þegar þeir horfa á klám í fyrsta skipti er 11 ár. Klámefni sem er aðgengilegt öllum á netinu í dag er í flestum tilfellum ofbeldisfullt og dregur ekki upp raunsæja mynd af kynlífi. 45% stráka í 8.-10. bekk á Íslandi horfa á klám einu sinni í viku eða oftar sem segir okkur að mjög margir strákarnir hafi séð margfalt fleiri klukkustundir af klámi en þeir hafa fengið af kynfræðslu og umræðu um þessi mál. Í klámi er markaleysi allsráðandi og lítil áhersla á samþykki og

heilbrigð samskipti þannig að myndin sem margir strákarnir fá af kynlífi er ansi skekkt og óraunsæ.

Tölfræði Stígamóta sýnir að gerendur kynferðisofbeldis eru fyrst og fremst ungir menn. Jafnframt eru 70% þolenda undir 18 ára aldri þegar þau verða fyrir kynferðisofbeldi og endurspeglar frásagnir þeirra oft áþreifanlega áhrif kláms. Rannsóknir sýna að klámahorf geti haft mikil áhrif t.a.m. á viðhorf til kynlífs, upplifunar á kynlífi, kynverund áhorfandans og viðhorfs til kvenna.

Á tímum óraunsærra fyrirmýnda á samfélagsmiðlum og aukins aðgengis að klámi er mikilvægt að veita mótvægi við því áreiti sem krakkar fá þaðan um kynlíf og samskipti kynjanna. Það er mikilvægt að fræða alla krakka um kynlíf og gera þarf betur þegar kemur að samskiptum og mörkum. Sá sem beitir ofbeldinu er alltaf ábyrgur fyrir því – hins vegar ber samfélagið ábyrgð á því afskiptaleysi sem klámahorfi unglinga er sýnt. Foreldrar eru hluti af þessu samfélagi en þetta er ekki eingöngu þeirra viðgangsefni heldur einnig stjórnvalda, menntakerfisins og almennings alls. Klámvæðing og nauðgunarmenning varðar samfélagið og við verðum öll að vakna og hætta að líta undan!



Vitundarvakning

Sjúkást

Sjúkást er verkefni á vegum Stígamóta um ofbeldi í samböndum ungmenna og er markhópurinn ungt fólk á aldrinum 13-20 ára. Verkefninu er ætlað að vera forvörn gegn kynferðisofbeldi með því að fræða unglinga um hugtökin mörk og samþykki. Sú staðreynd að 70% þeirra sem leita til Stígamóta voru beitt kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur varð kveikjan að þessu verkefni. Áhersla er lögð á samskipti og að hjálpa ungmennum að þekkja muninn á heilbrigðum, óheilbrigðum og ofbeldisfullum samböndum.

Markmið verkefnisins eru:

- Að ungmennti þekki og skilji hugtökin mörk og samþykki og hvað þau fela í sér.
- Að ungmennti þekki einkenni óheilbrigðra sambanda og ofbeldissambanda.
- Að ungmennti taki afstöðu gegn ofbeldi í sínu nærumhverfi.
- Að skapa vettvang og útbúa töl fyrir fólk í æskulýðsstarfi til að ræða sambönd, samskipti, mörk, samþykki, kynlíf og ofbeldi í starfi sínu með ungmennum.

Verkefnið var sett af stað í febrúar 2018 með átaki sem vakti mikla athygli. Opnuð var heimasíðan www.sjukast.is en þar er að finna aðgengilegar og auðlesnar upplýsingar um heilbrigð, óheilbrigð og ofbeldisfull sambönd. Þar er einnig fræðsla um mörk, samþykki, klám og kynlíf. Á meðan á áttakinu stóð í febrúar heimsóttu 21.000 manns síðuna auk þess sem myndbönd í tengslum við átakið fengu yfir meðallagi gott áhorf á samfélagsmiðlum. Einnig var útbúinn varningur á borð við Sjúkást tattú,



Starfskonur átaksins ásamt tveimur ungum konum sem báðar upplifðu ofbeldi í unglingsambandi fengu fund með Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra þar sem undirskriftalistinn var afhentur. Þar gafst einnig tækifæri til að segja frá markmiðum Sjúkást, hvers vegna átakið væri nauðsyn og hvernig hægt er að gera betur í forvörnum gegn kynferðisofbeldi.

húfur og blöðrur. Auglýsingar birtust á samfélagsmiðlum og á nokkrum vel völdum strætóskýlum í námunda við framhaldsskóla.

Stígamót leituðu samstarfs við femínistafélög og nemendafélög í tíu framhaldsskólum og voru sett upp upplýsingarborð í þessum skólum um Sjúkást átakið þar sem varningi var dreift, upplýsingum miðlað og nemendum boðið að skrifa undir ákall til menntamálaráðherra um öflugri kynfræðslu í skólum. Í framhaldi af áttakinu óskuðu margir grunnskólar, framhaldsskólar og félagsmiðstöðvar eftir fræðslu.

Í tengslum við átakið var sett upp undirskriftasöfnun með ákalli til menntamálaráðherra um að beita sér fyrir öflugri og markvissri kynfræðslu á öllum skólastigum. Um 4000 manns skrifuðu undir ákallið um að öll börn og ungmennti ættu að fá fræðslu um samskipti, mörk og ofbeldi í námi sínu. ►



Unglingar gegn ofbeldi


Í framhaldi af Sjúkást herferðinni var stofnað til samstarfs við Samfés - samtök félagsmiðstöðva á Íslandi - um undirverkefnið Unglingar gegn ofbeldi. Á Stígamótum var búið að skapa rammann í kringum Sjúkást en okkur þótti mikilvægt að ungmennin sjálf hefðu eitthvert eignarhald í verkefninu. Verkefnið Unglingar gegn ofbeldi felst í samstarfi þvert á félagsmiðstöðvar þar sem unglingar úr öllum félagsmiðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu fengu tækifæri til að taka þátt. Áhugasamir unglingar hittust með jöfnu millibili og fengu fræðslu að eigin vali, t.a.m. um kynferðisofbeldi, útlitsdýrkun, aktívisma, femínisma o.s.frv. og er ætlunin að búa síðan til eigin sköpunarverk í tengslum við Samfestinginn vorið 2019 en það er árleg hátíð þar sem 4500 unglingar hvaðanæva af landinu hittast. Það er í þeirra höndum hvað þau gera en getur orðið ýmis konar kynningarefni, listrænn gjörningur, myndband, táknræn aðgerð og aktívismi svo dæmi séu nefnd. Hópastarfið fór af stað haustið 2018 og eru um 20 unglingar í hópnum.



Fræðsla

Fræðsla er mikilvægur partur af þeirri pólitísku samfélagsvinnu sem fram fer á Stígamótum og byggir hún ávallt á þeirri þekkingu sem skapast á Stígamótum í vinnu með brotaþolum. Mikið var að gera í fræðslu á árinu og ekki reyndist unnt að verða við öllum fræðslubeiðnum. Bæði hafa samfélagsbyltingar á borð við #metoo þau áhrif að skólar, vinnustaðir og aðrir vilja fræðast meira en einnig vakti Sjúkást átakið talsverða eftirspurn eftir fræðslu. Samfélagsumræðan hefur vaxið mikið undanfarin ár og fleiri aðilar koma að umfjöllun um kynferðisofbeldi í fjölmiðlum og fræðslu sem hefur gert Stígamótum kleift að sérhæfa fræðsluna betur sem boðið er upp á.

Í heild hitti starfsfólk Stígamóta hópa úr 20 framhaldsskólum, 11 grunnskólum, 11 félagsmiðstöðvum auk 17 faghópa af ýmsu tagi. Þá voru sjö aðrar fræðslur t.d. á Reykjavík Pride, í tengslum við Druslugönguna, fyrir unglingaforeldra, á uppistandssýningu *Comedy as a Safe Space*, á jafnréttisdögum HÍ og fleira. Nefna má að farið var í fræðsluferðir á tvo staði utan höfuðborgarsvæðisins - á Austfirði og Höfn í Hornafirði. Þá er reynt að hitta marga og fjölbreytta hópa í sömu ferðinni, t.d. nemendur, starfsfólk í æskulýðsstarfi eða félagsþjónustu, fólk í starfsendurhæfingu o.s.frv.



Bandamenn

Í ár tóku Stígamót upp þá nýjung að bjóða upp á ítarlegt námskeið fyrir karla um kynferðisofbeldi gegn konum, með sérstakri áherslu á hvað karlar geta gert til að berjast gegn því. Tilgangurinn er að þátttakendur öðlist dýpri skilning á mikilvægum hugtökum og viðfangsefnum sem varða kynbundið ofbeldi, þ.á.m. fjölbreyttar birtingarmyndir kynferðisofbeldis og afleiðingar þess, brotaþolavæna umræðu, reynsluheim kvenna, kynjamisrétti, klám, nauðgunarmenningu, skaðlega karlmennsku, forréttindi karla og umræðuna um ofbeldismenn. Áherslan er á uppbyggilegar umræður um þessi þemu með það að leiðarljósi að skoða hvað karlar geti gert í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Þarna gefst körlum tækifæri til að ræða þessi viðfangsefni í lokuðum hópum með öðrum körlum og dýpka þannig skilning sinn og spegla persónulega reynslu. Námskeiðin eru haldin af starfsfólki Stígamóta og eru efnistöð þeirra byggð á reynslu samtakanna af baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Á árinu voru haldin tvö námskeið sem bæði voru tveir heilir dagar og tóku samtals 23 karlar þátt.



Hluti af hópnum sem sótti fyrsta Bandamanna námskeiðið.

Samstarf og samráð

Stígamót taka þátt í ýmsu samstarfi og samráði í tengslum við kynferðisofbeldi og jafnréttismál bæði innanlands og utan. Má þar nefna að Stígamót hafa setið í Jafnréttisráði um árabil en hér fyrir neðan má lesa nánar um önnur samstarfsverkefni ársins.

Nordiske kvinner mot vold

Nordiske kvinner mot vold eru regnhlífarsamtök kvennaathvarfa og fleiri samtaka sem vinna með kynbundið ofbeldi á Norðurlöndunum. Samtökin halda ráðstefnu árlega þar sem farið er yfir það nýjasta og áhugaverðasta tengt ákveðnum þemum innan málaflöksins. Í ár var ráðstefnan haldin í Finnlandi og var yfirskriftin "Kynjasjónarmið eftir #metoo". Stígamót sendi tvo fulltrúa á ráðstefnuna þar sem m.a. var haldin vinnustofa um Sjúkást auk þess sem sagt var frá brýnustu áhersluatriðum Íslands í málaflöknum. Einnig tók fulltrúi Stígamóta þátt í undirbúningsfundi fyrir ráðstefnu næsta árs sem fram fór í Kaupmannahöfn í desember.

European Women's Lobby

Stígamót hafa um árabil átt fulltrúa í sérfræðinganefnd European Women's Lobby um ofbeldi gegn konum. Þar koma saman 30 fulltrúar frá grasrótinni í flestum löndum Evrópu, skiptast á upplýsingum og skipuleggja sameiginleg baráttumál. Í ár fór fundur hópsins fram í Brussel og voru helstu umfjöllunarefnið Ístanbul samningurinn og bakslagið gegn femínisma sem finna má fyrir víðsvegar í Evrópu sem sérstaklega er tilkomið vegna íhaldssamra öfgahægri afla.

Samráð um karla og jafnréttismál

Fulltrúi Stígamóta tók þátt í alþjóðlegri ráðstefnu um karla og jafnréttismál í Stokkhólmi í júní. Í tengslum við ráðstefnuna var einnig tveggja daga fundur



Þátttakendur í fundi samráðshóps norrænna félagasamtaka um karla og forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi

samráðshóps um sömu málefni á vegum félagasamtaka á Norðurlöndunum. Megin fókus fundarins og ráðstefnunnar voru forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi og hvernig karlar geta brugðist við afhjúpunum #metoo með því að breyta karlmennskuhugmyndum og hegðun. Þá tóku Stígamót einnig þátt í ráðstefnu í Portúgal í nóvember um karla og jafnréttismál þar sem Bandamannanámskeið Stígamóta var kynnt sem módel til þess að karlar íhugi og skoði sitt hlutverk í baráttunni. Einnig tóku Stígamót þátt í Barbershop vinnustofu á Alþingi þar sem karlar á þingi komu saman til að ræða hlutverk sitt í baráttunni eftir #metoo.

Verðugt líf - Alþjóðaráðstefna um leiðir gegn kynferðisofbeldi og vændi

Í lok september bauð Marta miðstöðin gegn vændi og kynferðisofbeldi til alþjóðaráðstefnu í Riga í Lettlandi. Guðrún Jónsdóttir hélt innlegg um íslensku leiðina í lagasetningu um vændi og nektardans og hitti fyrir helsta baráttufólk á þessu sviði víðs vegar úr heiminum. Auk þess voru haldnir lokaðir fundir með baráttukonum frá Austur-Evrópu og Mið-Asíu um leiðir og baráttuaðferðir.

Fundur um vændi og mansal með Gloríu Steinem

Í lok mars bauð Jessica Neuwirth frá Donor Direct Action til fundar grasrótahreyfinga sem vinna gegn mansali og vændi. Fundurinn var haldinn á Westglow Resort hjá Bonnie Schaefer í North Carolina og fór Guðrún Jónsdóttir til fundarins fyrir hönd Stígamóta. Þátttakendur voru um tuttugu róttækar og sterkar konur sem á ólíka vegu hafa beitt sér gegn þessari birtingarmynd kvenfyrirlitningar. Það er mikill lúxus að geta ástundað hugarflæði í svo litlum en sterkum hópi í frábærum aðstæðum. Gloria Steinem var ein þátttakenda og var henni komið á óvart á afmæli sínu með því að skíra sérstakan sjóð gegn kynlífsmansali í höfuðið á henni. Að fundi loknum var Stígamótakonan svo heppin að vera send ein með Gloríu í leigubíl í tveggja tíma akstur á flugvöllinn. Gloria hvatti óspart til þess að Stígamót sæju til þess að aðgerðum

okkar yrðu gerð skil í kvikmynd eða í bók því þær ættu sannarlega erindi við vanmáttugar konur víða um heim. Eftir fundinn var Stígamótum veittir 15.000 dollarar úr Gloria Steinem Equality Fund to End Sex Trafficking í starf með konum í vændi.



Gloria Steinem baráttukona fyrir jafnrétti kynjanna og Bonnie Schaefer sem bauð heim

Ástandið er sums staðar þannig að framfærsla með vændi þykir ákjósanlegur kostur fyrir konur - spillingin gríðarleg og mikil áskorun að breyta hugsunarhættinum.

Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar

Stígamót sitja í ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar þar sem á sér stað gott samstarf borgarkerfisins, stofnana og grasrótarsamtaka. Á árinu var haldinn opinn fundur með borgarstjórn þar sem til umræðu var mansal og vændi. Þar var samþykkt tillaga um að fara í árvekníatak til að fá borgarbúa til að vinna gegn vændi og mansali. Einnig var haldinn opinn fundur undir yfirskriftinni "Klám eða kynlíf? Eru mörkin á milli kláms og kynlífs orðin óljós" þar sem m.a. verkefnið Sjúkást var kynnt.

Erlendar heimsóknir á Stígamót

Fjöldi fólks kom í heimsókn á Stígamót á árinu til að fræðast um starfsemina og jafnréttismál á Íslandi. Má þar nefna tvo þýska þingmenn, fulltrúa stærstu

launþegasamtaka Danmerkur, japanska embættismenn í jafnréttismálum, japanskt dagskrárgerðarfolk, ástralska sjónvarpsfréttamenn, hollenskan hóp félagsvísindanema, nema úr Jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna og sænsk félagasamtök gegn vændi.

Samráð um mansal og vændi

GRETA nefndin heimsótti Stígamót og aflaði gagna um stöðuna á Íslandi en hún er eftirlitsnefnd með því hvernig ríki framfylgja sáttmála Evrópuráðsins um baráttu gegn mansali. Fulltrúi bandaríska sendiráðsins kom einnig í sambærilega heimsókn til að afla gagna fyrir árlega skýrslu Bandaríkjastjórnar um baráttuna gegn mansali. Þá eiga Stígamót sæti í samráðs- og samhæfingarteymi félagsmálaráðuneytisins um velferðarþjónustu við polendur mansals og mættu til eins fundar á árinu.

Fullgilding Istanbúlsamningsins

Ísland fullgilti Samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gagnvart ►

Bjarkarhlíð

Stígamót eru einn af stofnaðilum Bjarkarhlíðar - miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis. Þar er hugmyndin að brotapolar geti leitað og fengið aðstoð margra aðila á sama stað. Eftir greiningarviðtal hjá starfsfólki Bjarkarhlíðar býðst brotapolum að hitta fulltrúa frá Stígamótum, Drekaslóð, Kvænnaathvarfinu, Kvennaráðgjöfinni, Mannréttindaskrifstofu Íslands og/eða

lögreglu svo eitthvað sé nefnt. Stígamót voru með viðveru einn dag í viku á árinu og hittu 61 brotapolar þar. Eftir 1-2 viðtöl í Bjarkarhlíð er þjónustupegur svo boðið að halda áfram í viðtölum á Stígamótum. Þá sitja fulltrúar Stígamóta bæði í framkvæmdastjórn og stjórn Bjarkarhlíðar.

konum og heimilisofbeldi (Ístanbul-samninginn) á árinu. Stígamót fagna þessum áfanga og vænta þess að hafist verði handa við að framkvæma allar þær aðgerðir sem fullgildingin krefst af Íslendingum.

Eftirmiðdagskaffi með félagsmálaráðherra

Ásmundi Einari Daðasyni félagsmálaráðherra var boðið í kaffi og köku á Stígamót í júní. Hefð hefur skapast fyrir því að ráðafólk heimsæki Stígamót og þiggi bakkelsi, fræðslu og brýningu á helstu áhersluatriðum í málaflokknum. Ráðherra var gerð grein fyrir því að 30% aukning hefði orðið á aðsókn nýrra einstaklinga og um 45% aukning í heildaraðsókn árið á undan. Þá var sérstök áhersla á mikilvægi þess að koma betur til móts við börn og unglinga með bæði fræðslu og úrræðum verði þau fyrir ofbeldi.

Kvennafrí 2018

Stígamót tóku virkan þátt í skipulagningu og undirbúningi Kvennafrísins sem haldið var 24. október undir yfirskriftinni: "Breytum ekki konum - breytum samfélaginu". Mánuðina á undan höfðu sögur af áreitni og ofbeldi á vinnustað, tómstundum og annars staðar undir myllumerkinu #MeToo sýnt fram á að baráttan fyrir bættum kjörum á vinnumarkaði er ekki aðeins barátta fyrir betri launum, heldur einnig barátta fyrir öryggi á vinnustað án ofbeldis og áreitni. Lögðu konur niður störf til að krefjast úrbóta af hendi atvinnurekenda, stjórnvalda og samfélagsins alls.

Tónlistar- og útihátíðir leita ráða

Á árinu voru Stígamót í sambandi við þrjár úti- og tónlistarhátíðir sem leituðu ráða varðandi það að



bæta öryggi gesta sinna og koma í veg fyrir ofbeldi. Norðanpaunk og LungA fengu ráðgjöf og bæklinga og með Þjóðhátíðarnefnd í Vestmannaeyjum voru haldnir nokkrir fundir til að fara yfir forvarnaefni sem útbúið var fyrir hátíðina.

Hádegisfyrirlestrar á Stígamótum

Á árinu voru haldnir tveir vel sóttir fyrirlestrar á Stígamótum. Annars vegar hélt Inga Vala Jónsdóttir ljósmóðir erindi um meistaraárannsókn sína sem bar heitið „Að það sé einhver skilningur á manni“ – *Reynsla íslenskra kvenna sem eru þolendur kynferðislegs ofbeldis í æsku af barneignarferlinu.* Hins vegar töluðu þau Kári Sigurðsson og Andrea Marel um stafræn samskipti ungmenna undir heitinu *Fokk me - fokk you* en þau hafa bæði áralanga reynslu af starfi með unglingum í félagsmiðstöðvum.

Skipulag Stígamóta



Hluti starfshóps á starfsdögum Stígamóta í september.

Starfsfólk:

Anna Bentína Hermansen, ráðgjafi
Anna Þóra Kristinsdóttir, ráðgjafi
Björg Guðrún Gísladóttir, ráðgjafi
Erla Björg Kristjánsdóttir, ráðgjafi
Eva Bryndís Pálsdóttir, ráðgjafi
Guðrún Jónsdóttir, talskona
Hjálmar Gunnar Sigmarsson, ráðgjafi
Jóhanna Lind Jónsdóttir, ráðgjafi
Karen Linda Eiríksdóttir, ráðgjafi
Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, verkefnastýra
Þóra Björt Sveinsdóttir, ráðgjafi
Þórunn Þórarinsdóttir, ráðgjafi

Annað starfsfólk:

Heiðrún Fivelstad, hópstjóri götukynningar og verkefnastýra Sjúkást
Steinunn Ólína Hafliðadóttir, verkefnastýra Sjúkást

Framkvæmdahópur:

Anna Bentína Hermansen
Guðrún Jónsdóttir
Margrét Steinarsdóttir
Sigrún Bragadóttir
Sólveig Höskuldsdóttir
Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir

Leiðbeinendur og aðstoðar- leiðbeinendur sjálfshjálparhópa:

Eva Dís Þórðardóttir
Sigrún Bragadóttir
Sólveig Höskuldsdóttir
Tanja Andersen Valdimarsdóttir
Aðstoðarleiðbeinendur:
Elín Hulda Harðardóttir
Hulda Haraldsdóttir
Inger Schiöth
Lilja Hrönn Einarsdóttir



Nokkrir götukynnar úr öflugum hópi sumarstarfsfólks í fjáröflun

Aðrir

Handleiðsla starfshóps: Sæunn Kjartansdóttir
Bókhald: Guðrún Inga Bjarnadóttir
Tölvumál: Sigurbrandur Dagbjartsson
Innsláttur tölfraeðigagna: Iðunn Brynjarsdóttir

Framkvæmdahópur

Framkvæmdahópur er hin eiginlega stjórn Stígamóta. Hann tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum og hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Framkvæmdahópur hittist á tveggja vikna fresti og er skipaður fulltrúum leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum, fulltrúum starfsfólks og fulltrúa Kvinnaráðgjafarinnar.

Starfshópur

Á Stígamótum starfa tíu konur og einn karl í fullu starfi sem sinna ráðgjöf, fræðslu, pólitísku starfi, fjáröflun og öðru sem til fellur. Starfsfólk er allt háskólamenntað og kemur úr ýmsum áttum. Starfshópurinn hefur menntun í félagsráðgjöf, sálfræði, fjölskylduráðgjöf, listmeðferð, kynjafræði, guðfræði, mannfræði, kennslufræði og alþjóðasamskiptum. Ábyrgð í daglegu starfi deilir starfsfólk jafnt en þó hefur verkaskipting innan starfshópsins aukist á síðustu árum. Lögð er áhersla á að starfsfólk leggi stund á endurmenntun og sjálfsvinnu. Hópurinn hittist í hóphandleiðslu aðra hverja viku auk þess sem að allt starfsfólk hefur aðgang að 10 tímum á ári í einkahandleiðslu. Á árinu sóttu einstaklingar úr starfshópnum fjölbreytta endurmenntun á borð við námskeið í núvitund, handleiðslu í hugrænni úrvinnslumeðferð, ráðgjöf um vinnu með ofbeldismönnum, ráðstefnu um fjáröflun í Hollandi og Evrópuráðstefnu félagsráðgjafa á Spáni. Hópurinn í heild fékk einnig fræðslu um uppbyggilega vinnustaðamenningu og streitu. Jafnframt eru Stígamót með samstarfssamning við Forvarnir ehf. um uppbyggilega vinnustaðamenningu.

Tölulegar upplýsingar

Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Stígamóta eru mikilvægt tæki til að lýsa þeim hliðum íslensks samfélags sem birtast í starfsemi Stígamóta. Með söfnun tölulegra upplýsinga í 29 ár búum við yfir mikilli þekkingu um kynbundið ofbeldi, birtingarmyndir þess og afleiðingar, fólkið sem er beitt ofbeldinu og ofbeldismennina. Hér fara á eftir þær skilgreiningar á sífjaspellum, nauðgunum, nauðgunartilraunum, klámi (klámefni), vændi, kynferðislegri áreitni og stafrænu kynferðisofbeldi sem til viðmiðunar eru við tölfraðilega úrvinnslu í þessari skýrslu.

Sífjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekkert með slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.

Nauðgun eða nauðgunartilraun skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einhver hefur eða gerir tilraun til að hafa samræði/ eða önnur kynferðismök við manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstjórn hennar á bak aftur.

Klámefni er beitt sem kynferðisofbeldi þegar einhver notar klámefni til að misbjóða manneskju á einhvern hátt. Eða þegar klámnotkun einhvers misbyður manneskju á einhvern hátt.

Vændi/mansal skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einstaklingur/eða þriðji aðili þiggur einhverskonar greiða eða greiðslu í skiptum fyrir kynferðislega athöfn/athafnir.

Kynferðislega áreitni skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einhver sýnir manneskju kynferðislega hegðun sem er særandi og er gegn vilja hennar. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknað.

Stafrænt kynferðisofbeldi skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einhver birtir, dreifir eða geymir eða hótar að birta, dreifa eða geyma texta og/eða myndefni til dæmis ljósmyndir, kvikmyndir- eða sambærilegt efni þar sem manneskja er sýnd nakin/n eða á kynferðislegan hátt gegn vilja hennar.

Grunnupplýsingar

Eins og í ársskýrslum síðustu ára eru allar tölfraðilegar upplýsingar í þessari skýrslu unnar út frá spurningalistum sem notendur þjónustunnar fylltu sjálfir út. Spurningalistarnir eru þrennskonar og notendur þjónustunnar svara spurningalistunum þegar þeir koma í fyrsta skipti í viðtal á Stígamót. Í fyrsta lagi eru sérstakir spurningalistar sem brotapolar svara. Í öðru lagi eru sérstakir spurningalistar sem brotapolar svara um þá ofbeldismenn sem hafa beitt þá kynferðisofbeldi. Í þriðja lagi eru sérstakir spurningalistar sem aðstandendur brotapola svara. Þegar gagnasöfnun er með öðrum hætti borið saman við fyrri ársskýrslur þá er þess getið í texta.

Hér fyrir neðan verður gerð grein fyrir tölfraðilegum upplýsingum um brotapolu sem leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2018.

Á árinu 2018 leituðu 784 einstaklingar til Stígamóta, af þeim voru 386 einstaklingar sem leituðu aðstoðar vegna eigin mála í fyrsta skipti. Þá voru 70 nýir aðstandendur sem leituðu til Stígamóta og þar af voru 32 með upplýsingar um mál sem ekki voru þekkt hjá Stígamótum. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi

árið 2018 miðast við fjölda skýrslna sem fyrir liggja um hvern hóp fyrir sig, þ.e. brotapola, ofbeldismenn og aðstandendur.

Í þau 29 ár sem liðin eru frá stofnun Stígamóta hafa 8.767¹ einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt má geta þess að ofbeldismennirnir teljast vera 12.524 en eru væntanlega nokkuð færri þar sem einhverjir þeirra hafa beitt fleiri en einn einstakling ofbeldi.

Það vekur athygli að ofbeldismennirnir eru miklu fleiri en þeir sem beittir eru ofbeldi. Sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleiri en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Einnig sýna tölurnar að einn og sami ofbeldismaðurinn beitir oft fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2018 og hinsvegar er að finna í nokkrum tilvikum samanburð frá fyrri starfsárum. Upplýsingar um starfsemina á fyrri starfsárum má nálgast hjá Stígamótum og á vefsíðu Stígamóta, www.stigamot.is.


1 Heildarfjöldi einstaklinga frá stofnun Stígamóta er fenginn með því að leggja heildarfjölda nýrra brotapola og heildarfjölda nýrra aðstandanda árið 2018 við heildarfjölda einstaklinga frá stofnun Stígamóta sem fram kemur í Ársskýrslu Stígamóta árið 2017. Árið 2018 höfðu hins vegar 5 af nýjum brotapolum komið á Stígamót áður sem aðstandendur og einn var ekki viss, því dragast 6 einstaklingar frá í tölunni hér fyrir ofan. Einnig höfðu 4 aðstandendur komið áður á Stígamót sem brotapolar og dragast þeir því líka frá tölunni hér að ofan.

Tafla 1. Fjöldi viðtala og einstaklinga árið 2018

Ný mál - brotapolar komu sjálfir ²	386
Upplýsingar um ný mál gegnum aðstandendur	32
Heildarfjöldi ofbeldismanna ³	634
Fjöldi nýrra aðstandenda	70
Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl	784
Heildarfjöldi viðtala	2.995

Árið 2018 voru 386 ný mál þar sem brotapolar sjálfir komu með mál sín til Stígamóta. Þetta er um 14,7% fækkun slíkra mála frá árinu 2017. Þá voru ný mál brotapola 453 en árið 2017 höfðu aldrei fleiri einstaklingar leitað til Stígamóta í fyrsta skipti vegna sinna mála. Að undanskildu árinu 2017 þá hafa ekki komið fleiri nýir brotapolar síðan 1992 en þá voru brotapolar 396.

Ofbeldismenn eru nú 634, sem er um 13% fækkun frá árinu 2017 en þá voru ofbeldismenn 730. Þá leituðu 70 nýir aðstandendur til Stígamóta árið 2018 sem eru aðeins færri borið saman við árið 2017 en þá voru þeir 74, sem var um 5% fækkun milli ára.




Mynd 1. Fjöldi nýrra mála frá upphafi⁴

Mynd 1 sýnir fjölda nýrra mála sem árlega hafa komið inn á borð til Stígamóta undanfarin 29 ár. Mynd 1 og tafla 1 sýna að árið 2018 voru ný mál 418, sem er 66 málum færri en árið 2017, en þá höfðu aldrei fleiri ný mál komið inn á borð Stígamóta. Ný mál árið 2018 voru þó fleiri borið saman við þau nýju mál sem komu inn á borð Stígamóta á árunum 1990 til 2016 að undanskildu árinu 1992.

2 Heildarfjöldi nýrra mála var 386 en 27 skýrslur voru ekki fylltar út og því ómarktækar. Þess vegna byggir öll tölfræði úrvinnsla um brotapolar á þeim 359 skýrslum sem fylltar voru út.


3 Samanlagður fjöldi ofbeldismanna er 634, bæði ný mál og upplýsingar um ný mál frá aðstandendum. Eins og fram hefur komið vantaði 27 komuskýrslur og þá um leið allar upplýsingar um ofbeldismenn í þeim málum en hér er miðað við einn ofbeldismann fyrir hverja glataða skýrslu (sem er lágmarkstalning). Ekki liggja fyrir upplýsingar um ofbeldismenn þegar ný mál komu til Stígamóta í gegnum aðstandendur, en hér er talinn einn ofbeldismaður fyrir hvert nýtt mál sem upplýsingar fást um hjá aðstandendum (sem er lágmarkstalning). Því er hægt að segja með vissu að ofbeldismennirnir hafi verið 634 en hins vegar byggja tölfræðilegar upplýsingar í ársskýrslu þessari á 575 skýrslum sem lágu fyrir um ofbeldismenn. Þess ber að geta að í einhverjum tilfellum gáfu brotapolar ekki upplýsingar um alla ofbeldismenn. Ástæða þess gat til dæmis verið að þeir vissu ekki hve margir þeir voru eða það átti ekki við, eins og til dæmis í vændis- og mansalsmálum.

4 Þess ber að geta að í mynd 1 er leiðrétt tala fyrir árið 1992 en þessi tala er vitlaus í sambærilegri mynd í ársskýrslum fyrri ára.



Mynd 2. Heildarfjöldi einstaklinga sem sótti viðtöl hvert ár fyrir tímabilið 1990 til 2018

Mynd 2 sýnir heildarfjölda þeirra einstaklinga sem sóttu viðtöl á Stígámótum á hverju ári frá árinu 1990 til ársins 2018. Heildarfjöldi einstaklinga samanstendur af einstaklingum sem voru að koma í fyrsta skipti til Stígámóta sem og einstaklingum sem hafa fylgt Stígámótum á milli ára. Þarna eru allir þeir einstaklingar sem sótt hafa viðtöl á Stígámótum á einu ári, bæði brotapolar og aðstandendur brotapola. Þess ber að geta að upplýsingar vantaði um heildarfjölda allra einstaklinga sem sóttu þjónustu Stígámóta á árunum 1991 til ársins 1993 og því eru þessi ár ekki með í mynd 2. Mynd 2 sýnir hversu stórum hópi Stígámót veita þjónustu á hverju ári. Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl til Stígámóta árið 2018 var 784, sem er um 19% færri en árið 2017. Árið 2017 var heildarfjöldi einstaklinga 969 og var það mestur fjöldi einstaklinga sem komið hafa í viðtöl á einu ári frá stofnun Stígámóta. Heildarfjöldi einstaklinga sem kom árið 2018 er hærri en öll undanfarin ár að undanskildu árinu 2017.



Mynd 3. Heildarfjöldi viðtala sem veitt voru á hverju ári á Stígámótum á árunum 1990 til 2018

Mynd 3 sýnir umfang þjónustu Stígámóta á hverju ári frá því Stígámót hófu starfsemi sína, það er hversu mörg viðtöl voru veitt brotapolum og aðstandendum þeirra á hverju ári frá upphafi Stígámóta. Þess ber að geta að upplýsingar vantaði um heildarfjölda viðtala á árinu 1997 og því er það ár ekki með í mynd 3. Heildarfjöldi viðtala árið 2018 var 2.995, sem er um 3% fækkun frá árinu 2017 en þá var heildarfjöldi viðtala 3.091. Árið 2017 hafði heildarfjöldi viðtala á einu ári ekki verið hærri frá stofnun Stígámóta. Heildarfjöldi viðtala sem tekin voru árið 2018 eru fleiri en öll undanfarin ár að undanskildu árinu 2017.


Tafla 2. Fjöldi brotþola sem kom í fyrsta skipti í viðtal á Stígamót eða Bjarkarhlíð, skipt eftir árum

	2017		2018	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Brotþoli kom í viðtal á Stígamót	403	89,0%	325	84,2%
Brotþoli kom í viðtal í Bjarkarhlíð	50	11,0%	61	15,8%
Alls	453	100%	386	100%

Tveir ráðgjafar frá Stígamótum hafa veitt vikulega viðtöl fyrir þolendur kynferðisofbeldis í Bjarkarhlíð frá því að miðstöðin opnaði í mars árið 2017. Eins og tafla 2 sýnir þá sótti 61 einstaklingur af þeim 386 (eða 15,8%) sem komu til Stígamóta í fyrsta skipti árið 2018, fyrsta viðtal til ráðgjafa Stígamóta í Bjarkarhlíð. Þetta er aðeins hærra hlutfall en árið 2017 en þá var hlutfallið 11%. Einn af þeim 70 aðstandendum sem leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2018 kom í fyrsta viðtal til Stígamóta í Bjarkarhlíð.


Mikilvægt er að taka það fram að upplýsingar um 42 þeirra 61 brotþola sem kom í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð eru með í þeim tölfraðilegu upplýsingum sem gerð verður grein fyrir í þessari skýrslu. Skýrslur vantaði frá 19 brotþolum sem komu til Stígamóta í gegnum Bjarkarhlíð og eru því ekki með í þeim tölfraðilegu upplýsingum sem fjallað er um í þessari skýrslu.

Öll tölfraðileg úrvinnsla um brotþola í myndum og töflum hér fyrir neðan byggir á þeim 359 brotþolum sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2018 og svöruðu spurningalista um brotþola. Öll tölfraðileg úrvinnsla um þá ofbeldismenn í myndum og töflum hér fyrir neðan byggja á þeim 575 skýrslum sem þessir 359 brotþolar svöruðu einnig um þá ofbeldismenn sem beittu þá kynferðisofbeldi. Tuttugu og sjö brotþolar sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2018 svöruðu ekki spurningalistunum og eru því ekki með í þessari úrvinnslu. Öll tölfraðileg úrvinnsla um aðstandendur í myndum og töflum hér fyrir neðan byggja á þeim 70 aðstandendum sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2018 og svöruðu spurningalista um aðstandendur.



Mynd 4. Fjöldi nýrra viðtala eftir mánuðum árið 2018

Aðsókn í viðtöl er breytileg á milli ára og mánaða og því erfitt að segja fyrir um vinnuálag ársins. Mynd 4 sýnir að fjöldi nýrra viðtala var hæstur í nóvember (40 viðtöl) og mars (39 viðtöl). Fjöldi nýrra viðtala var lægstur í júní, júlí, ágúst og desember sem sennilega er tilkomið vegna sumar- og jólafría. Þetta er sambærilegt við árið 2017 en þá var fjöldi nýrra viðtala einnig minni yfir sumarmánaðina.



Tafla 3. Ástæður þess að leitað var til Stígámóta árið 2018

	Fjöldi	Hlutfall
Sifjaspell	127	18,0%
Nauðgun	251	35,6%
Nauðgunartilraun	70	9,9%
Klám	25	3,5%
Vændi	13	1,8%
Kynferðisleg áreitni	157	22,3%
Stafrænt kynferðisofbeldi	43	6,1%
Annað	18	2,6%
Ekki viss	1	0,1%
Alls	705	100%

Mynd 5. Ástæður þess að leitað var til Stígámóta árið 2018

Tafla 3 og mynd 5 sýna ástæður þess að einstaklingar leita til Stígámóta árið 2018. Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígámóta kemur gjarnan til að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu (705) fleiri en einstaklingarnir (359).


Eins og tafla 3 og mynd 5 sýna eru nauðgun, nauðgunartilraun og sifjaspell um 63,5% þeirra ástæðna sem tilgreindar eru fyrir komu á Stígámót. Þetta eru svipaðar niðurstöður og árið 2017 en þá voru nauðgun, nauðgunartilraun og sifjaspell um 67,8% þeirra ástæðna sem tilgreindar voru fyrir komu til Stígámóta. Athygli vekur hve margir leita til Stígámóta meðal annars vegna kynferðislegrar áreitni eða 22,3%.

Tafla 3 og mynd 5 sýna einungis fjölda þeirra einstaklinga sem voru í vændi og sóttu í fyrsta skipti viðtöl á Stígámót á árinu 2018 en þeir voru 13. Það sama hefur sýnt sig hjá Stígámótum og hjá erlendum systursamtökum að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri ofbeldisreynslu sem vændi er. Mikilvægt er að hafa í huga við túlkun niðurstaðna að vændi er oft falið vandamál og oft koma upplýsingarnar um það ekki í ljós fyrr en eftir margra mánaða viðtöl. Skráningar fara hins vegar fram eftir fyrsta viðtali og upplýsingar um vændi vantar því í einhverjum tilvikum.

Til að fá skýrari mynd af heildarfjölda allra einstaklinga sem sóttu viðtöl á Stígámót árið 2018 og höfðu verið í vændi var upplýsingum safnað um hversu margir þeirra sem voru í viðtölum á Stígámótum á árinu 2018 en voru ekki að koma í fyrsta skipti í viðtali það ár hefðu verið í vændi og/eða klámiðnaði. Vitað er að árið 2018 voru einnig í viðtölum um 15 einstaklingar (allt konur) sem höfðu verið í vændi og/eða klámiðnaði og leituðu í fyrsta skipti til Stígámóta fyrir árið 2018.


Það er því hægt að segja að vitað sé að í heildina hafi 28 af þeim 784 einstaklingum sem sóttu viðtöl á Stígámót árið 2018 verið í vændi og/eða klámiðnaði.

Mynd 6 og 7 hér fyrir neðan sýna hversu margir hafa upplifað að texta og/eða myndefni þar sem viðkomandi var sýndur nakinn eða á kynferðislegan hátt hafi verið birt, dreift eða geymt gegn vilja viðkomandi. Þessar myndir eru nú settar fram með öðrum hætti en gert var í ársskýrslu ársins 2017, nú eru sérstaklega skoðaðar upplýsingar um myndefni annarsvegar og texta hinsvegar. Hlutfallið í myndum 6 og 7 miðast við heildarfjölda brotþola (359). Við lestur þessara mynda ber að hafa í huga að hver brotþoli gat svarað fleiri en einum svarmöguleika.



Mynd 6. Hefur myndefni til dæmis ljósmyndum, kvikmyndum eða sambærilegu efni þar sem viðkomandi er sýnd/ur nakin/n eða á kynferðislegan hátt verið birt, dreift eða geymt gegn vilja viðkomandi

Fram kemur í mynd 6 að 4,5% brotþola (eða 16 einstaklingar) nefndu annarsvegar að myndefni þar sem þau voru sýnd nakin eða á kynferðislegan hátt hefði verið dreift og hinsvegar birt gegn vilja þeirra. Einnig kemur fram að 7% brotþola nefndu að slíkt myndefni hefði verið geymt gegn vilja þeirra. Upplýsingar um hvort myndefni hefði verið birt, dreift eða geymt vantaði hjá 14 brotþolum (3,9%).



Mynd 7. Hefur texti þar sem talað er um viðkomandi á kynferðislegan hátt verið birtur, dreift eða geymdur gegn vilja viðkomandi

Fram kemur í mynd 7 að tæplega 3% brotþola nefndu annars vegar að texta þar sem talað var um þá á kynferðislegan hátt hafi verið dreift og hinsvegar hann birtur gegn vilja þeirra. Upplýsingar vantaði hjá 16 brotþolum (4,5%).

Hafa verður í huga að einstaklingur getur tilgreint annað ofbeldi sem ástæðu komu en merkt svo við að hann hafi verið beittur stafrænu ofbeldi í spurningunni hér fyrir ofan. Einnig gæti einstaklingur hafa tilgreint stafrænt kynferðisofbeldi sem ástæðu komu en ekki svarað spurningunni hér að ofan. Því er ekki samræmi í fjölda einstaklinga sem nefnir stafrænt kynferðisofbeldi sem ástæðu komu og fjölda einstaklinga sem tilgreina að þeir hafi verið beittir stafrænu kynferðisofbeldi.

Lýðupplýsingar um brotaþola

Tafla 4. Skipting einstaklinga eftir kyni

	Fjöldi	Hlutfall
Kona	311	86,6%
Karl	47	13,1%
Kyn annað	1	0,3%
Alls	359	100%

Tafla 4 sýnir fjölda og hlutfall einstaklinga skipt eftir kyni. Eins og árin á undan leituðu fleiri konur en karlar til Stígamóta árið 2018. Aðeins einn einstaklingar skilgreindi kyn sitt á annan hátt árið 2018.

Tafla 5. Þjóðerni brotaþola

	Fjöldi	Hlutfall
Íslendingur	337	93,9%
Blandað þjóðerni	6	1,7%
Frá öðrum löndum	16	4,5%
Alls	359	100%

Tafla 5 sýnir að flestir þeirra sem komu til Stígamóta árið 2018 voru íslenskir eða um 94%. Þetta er svipað hlutfall og árin 2008 til 2017.

Tafla 6 a/b. Aldur fólks þegar aðstoðar var leitað og þegar ofbeldið var framið árið 2018

Tafla 6a. Aldur er aðstoðar var leitað


	Fjöldi	Hlutfall
11 - 17 ára	4	1,1%
18 - 29 ára	209	58,2%
30 - 39 ára	63	17,5%
40 - 49 ára	49	13,6%
50 - 59 ára	19	5,3%
60 ára og eldri	13	3,6%
Upplýsingar vantar	2	0,6%
Alls	359	100%

Tafla 6a sýnir aldur fólks þegar það leitaði til Stígamóta og tafla 6b sýnir aldur þess þegar ofbeldið hófst eða þegar þeir voru fyrst beittir ofbeldi. Rúm 75% þeirra sem nýttu

Tafla 6b. Aldur er ofbeldi var fyrst framið

	Fjöldi	Hlutfall
0 - 4 ára	12	3,3%
5 - 10 ára	100	27,9%
11 - 17 ára	142	39,6%
18 - 29 ára	92	25,6%
30 - 39 ára	2	0,6%
40 - 49 ára	1	0,3%
Ekki viss	1	0,3%
Upplýsingar vantar	9	2,5%
Alls	359	100%

sér þjónustu Stígamóta árið 2018 voru á aldrinum 18-39 ára, en ofbeldið hófst hins vegar fyrir 18 ára aldur hjá 70,8%.



Mynd 8. Samanburður á aldri einstaklinga þegar leitað var aðstoðar og aldri þeirra þegar ofbeldi var fyrst framið árið 2018

Það er eftirtektarvert að nokkur tími líður frá því að kynferðisofbeldi á sér stað þar til fólk leitar sér hjálpar vegna þess (sjá mynd 8). Samskonar niðurstöður koma fram í tölum Stígamóta frá fyrri árum. Ein af þeim áskorunum sem Stígamót standa frammi fyrir er að vinna að því að stytta tímann sem fólk lætur líða frá því að brotið er gegn því og þar til það leitar sér hjálpar. Jafnframt sýnir þessi mynd að megnið af fólkinu sem leitar til Stígamóta voru fyrst beitt kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur, þ.e. meðan þau eru enn á barns- og unglingsaldri.

Tafla 7. Býr brotaþoli við einhverja af eftirtöldum skerðingum: þroskahömlun, hreyfihömlun, blindu/sjónskerðingu, geðsjúkdóm, einhverfu, heyrnarskerðingu eða aðra skerðingu, skipt eftir örorku

	Fjöldi	Hlutfall
Bý ekki við neina skerðingu	181	50,4%
Bý við skerðingu/ar en er ekki metin til örorku vegna hennar/þeirra	95	26,5%
Bý við skerðingu/ar og er metin til örorku vegna hennar/þeirra	37	10,3%
Bý við skerðingu/ar en ekki er vitað hvort viðkomandi er metin til örorku vegna hennar/þeirra	26	7,2%
Upplýsingar vantar	20	5,6%
Alls	359	100%

Tafla 7 sýnir að 44% einstaklinga sem leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti árið 2018 vegna sinna mála, bjuggu við einhverja af ofangreindum skerðingum óháð því hvort þeir voru metnir til örorku vegna hennar/þeirra eða ekki. Tafla 7 sýnir að 10,3% þeirra sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2018 vegna sinna mála og bjuggu við einhverja af ofangreindum skerðingum voru metnir til örorku vegna hennar/þeirra. Þetta er aðeins hærra hlutfall en fram kom í ársskýrslu ársins 2017 en þá var hlutfall þeirra sem bjuggu við skerðingar 39,4% og hlutfall þeirra sem bjuggu við skerðingar og voru metin til örorku vegna hennar/þeirra var 8,7%.


Tafla 8. Skerðing skipt eftir hvort brotaþoli var metinn til örorku vegna hennar

	Metin til örorku		Ekki metin til örorku og óvíst		Alls	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Proskahömlun	2	5,4	2	1,7	4	2,5
Hreyfihömlun	2	5,4	0	0,0	2	1,3
Blinda/sjónskerðing	1	2,7	6	5,0	7	4,4
Geðsjúkdóm	29	78,4	99	81,8	128	81,0
Einhverfu	4	10,8	3	2,5	7	4,4
Heyrnarleysi/-skerðingu	0	0,0	1	0,8	1	0,6
Annað	10	27,0	24	19,8	34	21,5
Fjöldi einstaklinga	37		121		158	


Hlutfallið í töflu 8 miðast annars vegar við 37 einstaklinga sem búa við skerðingu og eru metnir til örorku vegna hennar. Hins vegar miðast hlutfallið í töflunni við 121 einstakling sem nefndi að þeir byggju við skerðingu en væru ekki metnir til örorku vegna hennar eða óvíst hvort þeir væru metnir til örorku vegna skerðingar. Í töflu 8 byggist fjöldi þeirra með skerðingar eingöngu á því þegar upplýsingar lágu fyrir um bæði hvort brotaþoli búi við skerðingar og hvort brotaþoli er metinn til örorku vegna skerðingar, þannig að ef upplýsingar vantaði hjá brotaþola um annað hvort að hann búi við skerðingu og/eða hvort hann er metinn til örorku vegna skerðingar þá teljast þeir brotaþolar ekki með í þessum töflum. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga.

Tafla 8 sýnir að flestir þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2018 og bjuggu við skerðingu bjuggu við geðsjúkdóm eða 81%. Þetta er samskonar hlutfall og árið 2017 en þá var hlutfallið 82,8%.

Markmiðið með þessum tveimur ofangreindu töflum er að fá betri mynd af því hversu vel Stígamót ná til fólks með skerðingar og fá betri mynd af því hvaða hópa við þurfum að reyna að ná betur til og auka aðgengi fyrir. Stígamót leggja áherslu á að auka aðgengi fyrir fólk með allar skerðingar.




Mynd 9a. Menntun



Mynd 9b. Atvinna


Myndir 9a og 9b hér að framan sýna að starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þeirra sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi er margbreytilegur. Tölur ársins 2018 sýna líkt og tölur fyrir árin 2008 til 2017 að margir eru við nám en hlutfallslega flestir eru í fullu starfi. Hlutfall í myndum 9a og 9b miðast við þá 359 brotþola sem svöruðu spurningalista.



Mynd 10. Búseta þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2018


Á mynd 10 má sjá búsetu fólks þegar það leitaði til Stígamóta. Um 75,7% þeirra einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árið 2018 bjuggu á höfuðborgarsvæðinu. Á höfuðborgarsvæðinu bjuggu í ársbyrjun 2018 63,8% landsmanna. Þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu hafa fyrst og fremst verulegt gagn af starfi Stígamóta. Úr þessum hópi eru flest þeirra sem nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi sjálfshjálparhópanna. Þá er einnig boðið upp á símaviðtöl sem fólk utan höfuðborgarsvæðisins hefur nýtt sér. Verkefnið „Stígamót á staðinn“ opnaði möguleika fyrir þá sem búa á Egilsstöðum og nágrenni, Ísafirði og nágrenni og Akranesi og nágrenni að nýta sér þjónustu Stígamóta á sínu heimasvæði. Ráðgjafar á Stígamótum hafa verið með regluleg viðtöl á Egilsstöðum frá árinu 2012 og á Ísafirði frá september árið 2016. Þess ber þó að geta að Stígamót voru með regluleg viðtöl á Akranesi frá byrjun árs 2017 fram til byrjun árs 2018, en þá var var þeirri þjónustu hætt.

Um ofbeldisverkin



Mynd 11. Hve lengi stóðu sifjaspellin?

Hlutfallið í mynd 11 miðast við þá 120 einstaklinga sem beittir höfðu verið sifjaspellum og svöruðu spurningunni um hve lengi sifjaspellin stóðu yfir. Tölunum um hve lengi sifjaspellin stóðu yfir ber að taka með varúð. Það reynist fólki oft erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar. Augljóst er að sifjaspell eru ofbeldi sem er oft viðvarandi í mörg ár. Mynd 11 sýnir að í um 43,3% tilfella standa sifjaspellin yfir í eitt ár eða lengur. Þetta eru svipaðar niðurstöður og árskýrslur árána 2013 til 2017 sýndu.



Mynd 12. Mismunandi birtingarmyndir nauðgana/nauðgunartilrauna

Mynd 12 sýnir birtingarmyndir nauðgana og nauðgunartilrauna. Hlutfallið í myndinni miðast við heildarfjölda þeirra tilvika þar sem greint var frá mismunandi birtingarmyndum nauðgana/nauðgunartilrauna eða 361 tilvik. Í mynd 12 er greint frá birtingarmyndum bæði nauðgana og nauðgunartilrauna og þess vegna verður fjöldinn meiri en í fjölda ástæðna fyrir komu til Stígámóta. Þá svöruðu ekki allir þeir sem merktu við nauðgun og eða nauðgunartilraun sem ástæðu komu spurningunni um mismunandi birtingarmyndir.

Árið 2018 var spurningunni um birtingarmyndir breytt. Svarmöguleikum var breytt þannig að annarsvegar var spurt um hvort nauðgun/nauðgunartilraun hafi verið lyfjanauðgun þar sem brotþola voru byrðuð lyf og svo bættist við svarmöguleikinn um hvort nauðgun/nauðgunartilraun hafi átt sér stað þegar meðvitundarleysi brotþola vegna áfengis og/eða lyfja var nýtt. Með þessum breytingum er vonast til að fá skýrari mynd á umfangi nauðgana/nauðgunartilrauna þar sem meðvitundarleysi vegna lyfja og áfengis er nýtt. Í mynd 12 vísar svarmöguleikinn *annað* til nauðgana/nauðgunartilrauna sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar nauðgunar/nauðgunartilraunar sem settar eru fram í myndinni.

Mynd 12 sýnir að í hlutfallslega flestum tilvika nauðgana/nauðgunartilrauna upplifði brotþoli ekki byrlun, hópnauðgun eða að meðvitundarleysi þeirra væri nýtt, eða um 57%. Í 25,2% (eða í 91 tilvikum) þeirra nauðgana/nauðgunartilrauna sem nefndar voru áttu sér stað þegar meðvitundarleysi brotþola vegna áfengis eða lyfja var nýtt og 7,5% (eða í 27 tilvikum) tilvika var um byrlun að ræða. Mynd 12 sýnir einnig að í 23 tilvikum nauðgana/nauðgunartilrauna sem nefndar voru, var um hópnauðgun að ræða. Í átta tilfellum hópnauðgana voru tveir ofbeldismenn, í þremur tilfellum voru ofbeldismennirnir þrír, í tveimur tilfellum voru ofbeldismennirnir 4 og í einu tilfelli voru ofbeldismennirnir 5. Í 9 tilfellum vantaði upplýsingar um fjölda ofbeldismanna.

Rétt er að ítreka að þó að birtingarmyndir nauðgana/nauðgunartilrauna geti verið ólíkar þá er sá sem beitir ofbeldinu alltaf ábyrgur fyrir ofbeldinu sama hver birtingarmyndin er. Kynferðisofbeldi er alltaf á ábyrgð þess sem beitir ofbeldinu.

Tafla 9. Var brotapolá byrjað lyf þegar ofbeldið var framið, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar-tilraun		Klám		Vændi		Kynferðisleg áreitni		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Nei	104	81,9	172	68,5	40	57,1	12	48,0	6	46,2	98	62,4	13	72,2
Já	1	0,8	25	10,0	2	2,9	-	-	-	-	1	0,6	-	-
Í sumum tilvikum	1	0,8	10	4,0	2	2,9	-	-	1	7,7	1	0,6	-	-
Já grunar það	2	1,6	12	4,8	3	4,3	1	4,0	-	-	2	1,3	2	11,1
Ekki viss	3	2,4	21	8,4	2	2,9	1	4,0	1	7,7	4	2,5	-	-
Upplýsingar vantar	16	12,6	11	4,4	21	30,0	11	44,0	5	38,5	51	32,5	3	16,7
Alls	127	100	251	100	70	100	25	100	13	100	157	100	18	100

Tafla 9 greinir frá hvort einstaklingi hafi verið byrjað lyf þegar ofbeldið átti sér stað skipt eftir brotaflokk. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Í 0,8% tilfella þegar um sifjaspell var að ræða var brotapolá byrjað lyf. Í 10% tilfella þegar um nauðgun var að ræða var brotapolá byrjað lyf og í 4,8% tilvika grunaði brotapolá að honum hafi verið byrjað lyf þegar um nauðgun var að ræða. Árið 2017 nefndu 17 einstaklingar sem höfðu verið beittir nauðgun að þeim hefði verið byrjað lyf en árið 2018 voru þeir 25, það er því 47% aukning milli ára. Þegar mynd 12 er borin saman við töflu 9 kemur í ljós að í 27 tilfellum nauðgana/ nauðgunartilrauna var lyfjum byrjað samkvæmt mynd 12 og þegar tafla 9 er skoðuð kemur svipaður fjöldi tilvika þar sem lyfjum var byrjað eða 25 tilvik þar sem um nauðgun var að ræða og í 2 tilvikum nauðgunartilrauna. Hafa verður í huga að einstaklingur getur tilgreint að um lyfjanauðgun hafi verið að ræða þegar hann svarar hverjar birtingarmyndir nauðgunar/ nauðgunartilraunar var og ekki tilgreint eða svarað spurningu um hvort honum hafi verið byrjað lyf, eða öfugt. Því er ekki alltaf samræmi í fjölda tilvika þar sem um lyfjanauðgun/nauðgunartilraun var að ræða og fjölda tilvika þar sem lyfjum var byrjað.

Mikilvægt er að taka það fram að oft er erfitt að átta sig á því að byrlun hafi átt sér stað og lyf geta verið fljót að fara úr líkamanum og því oft erfitt að staðfesta að byrlun hafi átt sér stað. Því eru án efa einhverjar skuggatölur hér.

Tafla 10. Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell	Nauðgun	Nauðgunar-tilraun	Klám	Vændi	Kynferðisleg áreitni	Annað
Reykjavík	29,2%	48,7%	42,3%	31,3%	30,4%	38,9%	21,4%
Annað höfuðborgarsvæði	16,2%	14,8%	11,3%	12,5%	47,8%	19,4%	0,0%
Utan höfuðborgarsvæðis	46,9%	22,8%	33,8%	37,5%	13,0%	29,4%	64,3%
Erlendis	6,9%	13,8%	12,7%	12,5%	8,7%	11,1%	14,3%
Ekki viss	0,8%	0,0%	0,0%	6,3%	0,0%	1,1%	0,0%
Alls (Fjöldi tilvika)	100% (130)	100% (298)	100% (71)	100% (16)	100% (23)	100% (180)	100% (14)

Í töflu 10 er greint frá í hvaða sveitarfélagi ólíkar tegundir ofbeldis áttu sér stað. Í hverjum brotaflokk fyrir sig eru staðirnir sem nefndir eru fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu, skýringin á þessu er sú að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Hlutfallið í töflu 10 miðast við heildarfjölda tilvika þar sem ofbeldi átti sér stað í hverjum brotaflokk. Tafla 10 sýnir að kynferðisofbeldi á sér ekki landfræðileg mörk. Hæsta hlutfall tilfella í öllum tilgreindum brotaflokkum að undanskildu sifjaspelli og öðru kynferðisofbeldi átti ofbeldið sér stað á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er í samræmi við það að flestir sem leita til Stígamóta búa á höfuðborgarsvæðinu. Athygli vekur að í 46,9% tilvika áttu sifjaspell sér stað utan höfuðborgarsvæðis sem getur verið vegna þess að Stígamót eru einnig með viðtöl á Egilstöðum, Ísafirði og Akranesi.

Þess ber að geta að brotaflokkurinn stafrænt kynferðisofbeldi er ekki tekinn með í töflu 10 vegna þess að stafrænt kynferðisofbeldi er í eðli sínu ekki staðbundið.

Tafla 11. Hvar kynferðisofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis


	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar-tilraun		Klám		Vændi		Kynferðisleg áreitni		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Á sameiginlegu heimili	43	26,5	42	11,9	6	8,6	4	21,1	-	-	19	6,6	2	10,5
Á heimili ofbeldismannsins	48	29,6	115	32,6	22	31,4	9	47,4	8	36,4	43	15,0	5	26,3
Á heimil brotaþola	28	17,3	64	18,1	12	17,1	2	10,5	3	13,6	30	10,5	4	21,1
Í heimahúsi	7	4,3	55	15,6	8	11,4	1	5,3	2	9,1	25	8,7	1	5,3
Á vinnustað	1	0,6	3	0,8	5	7,1	1	5,3	-	-	42	14,7	1	5,3
Á eða við skemmtistað	-	-	8	2,3	4	5,7	-	-	2	9,1	34	11,9	1	5,3
Á útihátíð	1	0,6	6	1,7	4	5,7	-	-	1	4,5	11	3,8	-	-
Í tómstundum eða íþróttastarfi	5	3,1	-	-	1	1,4	-	-	-	-	10	3,5	-	-
Á opinberri stofnun	-	-	3	0,8	1	1,4	-	-	-	-	13	4,5	1	5,3
Utandyra	18	11,1	32	9,1	4	5,7	-	-	3	13,6	24	8,4	3	15,8
Á internetinu	1	0,6	2	0,6	-	-	2	10,5	2	9,1	21	7,3	-	-
Annað	8	4,9	22	6,2	2	2,9	-	-	1	4,5	14	4,9	1	5,3
Ekki viss	2	1,2	1	0,3	1	1,4	-	-	-	-	-	-	-	-
Alls	162	100	353	100	70	100	19	100	22	100	286	100	19	100

Tafla 11 greinir frá hvar ólíkar tegundir ofbeldis áttu sér stað. Í hverjum brotaflokk fyrir sig geta staðirnir sem nefndir eru verið fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu. Skýringin á þessu er sú að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Hlutfallið í töflu 11 miðast við heildarfjölda tilvika þar sem ofbeldi átti sér stað í hverjum brotaflokk.

Í töflu 11 kemur fram að sifjaspell eiga sér oftast stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu eða á sameiginlegu heimili brotaþola og ofbeldismanns, samtals í um 73,4% tilfella. Þetta eru svipuð hlutföll og kom fram í ársskýrslu ársins 2017 en þá var það í um 71,1% tilvika. Nauðganir og nauðgunartilraunir eiga sér stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu, sameiginlegu heimili brotaþola og ofbeldismanns og í heimahúsi, það er nauðganir í 78,2% tilvika og nauðgunartilraunir í 68,5% tilvika. Þessi hlutföll nauðgana og nauðgunartilrauna eru einnig svipuð hlutföll og komu fram í ársskýrslu ársins 2017. Einnig er athyglisvert að kynferðisleg áreitni á sér stað utan heimila í 59% tilvika og er það einnig svipað hlutfall og fram kom í ársskýrslu ársins 2017 (þá var það í 60% tilvika). Athyglisvert er að í um 59,1% tilvika átti vændi sér stað á heimili ofbeldismanns, heimili brotaþola eða í heimahúsi.

Í dálkinum sem merktur er „annað“ getur verið um að ræða staði eins og bifreiðar eða staði sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar í töflunni.

Þess ber að geta að brotaflokkurinn stafrænt kynferðisofbeldi var ekki tekinn með í töflu 11 og mynd 13 vegna þess að stafrænt kynferðisofbeldi verður ekki staðsett í þessari merkingu.




Mynd 13. Hvar kynferðisofbeldið átti sér stað

Mynd 13 greinir frá hvar ólíkar tegundir ofbeldis áttu sér stað þegar búið er að sameina alla brotaflokkka í eina heild. Í hverjum brotaflokki fyrir sig eru staðirnir sem nefndir eru fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu vegna þess að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Hlutfallið í mynd 13 miðast við heildarfjölda tilvika þar sem ofbeldi átti sér stað (að undanskildu stafrænu kynferðisofbeldi), en heildarfjöldi tilvika var 931. Fram kemur í mynd 13 að kynferðisofbeldi á sér oftast stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu, á sameiginlegu heimili brotþola og ofbeldismanns eða í heimahúsi, samtals í um 65,4 % tilfella. Þetta eru svipaðar niðurstöður og fram komu í ársskýrslu ársins 2017 (en þá var það í 64,8% tilvika).

Tafla 12. Hverjum hefur brotapolí sagt frá, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar- tilraun		Klám		Vændi		Kynferðisleg áreitni		Stafrænt kyn- ferðisofbeldi		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Engum sagt frá ofbeldinu	7	5,5	12	4,8	2	2,9	-	-	2	15,4	5	3,2	2	4,7	-	-
Sagt maka frá ofbeldinu	45	35,4	98	39,0	20	28,6	2	8,0	2	15,4	39	24,8	4	9,3	9	50,0
Sagt fyrrverandi maka frá ofbeldinu	26	20,5	66	26,3	13	18,6	1	4,0	2	15,4	32	20,4	5	11,6	2	11,1
Sagt móður frá ofbeldinu	48	37,8	97	38,6	19	27,1	5	20,0	2	15,4	40	25,5	5	11,6	6	33,3
Sagt föður frá ofbeldinu	28	22,0	55	21,9	10	14,3	5	20,0	1	7,7	28	17,8	3	7,0	5	27,8
Sagt öðrum í fjölskyldunni frá ofbeldinu	50	39,4	86	34,3	23	32,9	4	16,0	-	-	37	23,6	6	14,0	3	16,7
Sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu	75	59,1	186	74,1	35	50,0	10	40,0	7	53,8	73	46,5	11	25,6	6	33,3
Sagt sponsor í 12 spora samtökum frá ofbeldinu	14	11,0	27	10,8	5	7,1	3	12,0	6	46,2	13	8,3	1	2,3	1	5,6
Sagt öðrum frá ofbeldinu	7	5,5	27	10,8	4	5,7	-	-	-	-	7	4,5	1	2,3	-	-
Óvíst hverjum hefur verið sagt frá ofbeldinu	1	0,8	1	0,4	-	-	-	-	-	-	1	0,6	-	-	1	5,6
Upplýsingar vantar	12	9,4	13	5,2	18	25,7	14	56,0	1	7,7	48	30,6	25	58,1	4	22,2
Fjöldi einstaklinga	127		251		70		25		13		157		43		18	

Tafla 12 greinir frá hverjum brotapolí hefur sagt frá ofbeldinu. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Þannig er samanlagður fjöldi í töflu 12 hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokki þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Árið 2018 voru gerðar eftirfarandi breytingar á spurningunni „hverjum brotapolí hafi sagt frá ofbeldinu“. Svarmöguleikanum „sagt sponsor í 12 spora samtökum frá ofbeldinu“ var bætt við og svarmöguleikinn „sagt fagaðila frá ofbeldinu“ var tekinn út árið 2018. Eins og sést í töflu 12 hefur um eða yfir helmingur einstaklinga sem beittir hafa verið sifjaspelli, nauðgun, nauðgunartilraun, kynferðislegri áreitni og vændi sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu.



Mynd 14. Hverjum hefur brotaþoli sagt frá árið 2018

Mynd 14 sýnir hverjum brotaþoli hafði sagt frá kynferðisofbeldinu óháð brotaflokkum. Hlutfallið í mynd 14 miðast við heildarfjölda einstaklinga (359). Upplýsingar vantaði frá 13 eða (3,6%). Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi í mynd 14 er hærri en fjöldi einstaklinga þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði.


Eins og sést á mynd 14 hafa tæp 74% sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu og 42,6% höfðu sagt maka frá ofbeldinu. Þetta eru svipaðar niðurstöður og fram komu í ársskýrslu ársins 2017 en þá höfðu 74,5% sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu og 46,6% höfðu sagt maka frá ofbeldinu.

Tafla 13. Hjá hvaða fagaðilum hefur ofbeldið verið rætt þegar komið var til Stígamóta árið 2018, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar- tilraun		Klám		Vændi		Kynferðisleg áreitni		Stafrænt kyn- ferðisofbeldi		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Engum fagaðilum	39	30,7	89	35,5	22	31,4	5	20,0	5	38,5	49	31,2	8	18,6	6	33,3
Lækni	13	10,2	34	13,5	2	2,9	2	8,0	-	-	5	3,2	-	-	1	5,6
Starfsfólk geðdeildar	7	5,5	23	9,2	3	4,3	-	-	-	-	4	2,5	-	-	1	5,6
Geðlækni	13	10,2	25	10,0	4	5,7	1	4,0	-	-	7	4,5	1	2,3	-	-
Hjúkrunarfræðingi	3	2,4	24	9,6	1	1,4	1	4,0	-	-	4	2,5	-	-	1	5,6
Sjúkraliða	-	-	2	0,8	-	-	-	-	-	-	1	0,6	-	-	-	-
Félagsráðgjafa	26	20,5	33	13,1	2	2,9	1	4,0	1	7,7	10	6,4	1	2,3	-	-
Félagsþjónustu	7	5,5	16	6,4	1	1,4	-	-	-	-	3	1,9	-	-	1	5,6
Sálfræðingi	26	20,5	84	33,5	16	22,9	4	16,0	-	-	30	19,1	3	7,0	4	22,2
Fagaðila í vímuefnamerðferð	9	7,1	18	7,2	4	5,7	-	-	1	7,7	7	4,5	-	-	-	-
Presti	2	1,6	2	0,8	-	-	1	4,0	-	-	1	0,6	-	-	-	-
Skólastarfsmanni	1	0,8	12	4,8	-	-	-	-	-	-	2	1,3	-	-	-	-
Lögreglufulltrúa	6	4,7	26	10,4	5	7,1	-	-	-	-	8	5,1	1	2,3	-	-
Kvennaathvarfi	3	2,4	8	3,2	3	4,3	-	-	1	7,7	3	1,9	1	2,3	-	-
Neyðarmóttöku	1	0,8	20	8,0	-	-	-	-	-	-	1	0,6	-	-	-	-
Barnahúsi	6	4,7	9	3,6	1	1,4	1	4,0	-	-	4	2,5	1	2,3	-	-
Öðrum fagaðilum	8	6,3	10	4,0	2	2,9	-	-	-	-	6	3,8	1	2,3	-	-
Ekki viss	2	1,6	4	1,6	-	-	-	-	-	-	1	0,6	-	-	1	5,6
Upplýsingar vantar	21	16,5	18	7,2	24	34,3	15	60,0	5	38,5	54	34,4	30	69,8	6	33,3
Fjöldi einstaklinga	127		251		70		25		13		157		43		18	

Tafla 13 greinir frá hvort brotapolí hafi rætt ofbeldið við fagaðila og þá hverja eftir brotaflokk. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi í töflu 13 er hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokk þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði.


Um og yfir þriðjungur þeirra sem beittir höfðu verið sifjaspellum, nauðgun, nauðgunartilraun, kynferðislegri áreitni, vændi og öðru kynferðisofbeldi hafði ekki rætt við neinn fagaðila um ofbeldið. Þetta eru svipuð hlutföll og fram komu í árskýrslu ársins 2017. Einnig var athyglisvert að um 20% þeirra sem beittir hafa verið sifjaspellum, nauðgunartilraun, kynferðislegri áreitni eða öðru kynferðislegu ofbeldi höfðu rætt við sálfræðing um ofbeldið. Um 33% þeirra sem beittir höfðu verið nauðgun höfðu rætt við sálfræðing um ofbeldið.



Mynd 15. Hjá hvaða fagaðilum hefur ofbeldið verið rætt þegar komið var til Stígamóta árið 2018

Mynd 15 sýnir við hvaða fagaðila brotapolí hafði rætt þegar komið var til Stígamóta óháð brotaflokkum. Hlutfallið í myndinni miðast við heildarfjölda einstaklinga (359). Upplýsingar vantaði frá 20 eða 5,6%. Þá er mikilvægt að taka fram að samantlagður fjöldi í mynd 15 er hærri en heildarfjöldi einstaklinga þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Tæp 40% höfðu ekki rætt við neinn fagaðila um ofbeldið. Þetta er aðeins hærra hlutfall en kom fram í árskýrslu ársins 2017 en þá höfðu tæp 33% ekki rætt við neinn fagaðila. Einnig var athyglisvert að 32% höfðu rætt við sálfræðing um ofbeldið. Þetta er svipað hlutfall og kom fram í árskýrslu ársins 2017 en þá höfðu um 33% rætt við sálfræðing.


Afleiðingar kynferðisofbeldis



Mynd 16. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis

Í mynd 16 eru sýndar þær afleiðingar kynferðisofbeldis sem oftast eru nefndar í viðtölum. Hlutfallið í myndinni miðast við heildarfjölda einstaklinga (359). Upplýsingar um afleiðingar vantaði frá 2,2% (8) af heildarfjölda einstaklinga. Í súluritinu er getið um „svipmyndir“. Hér getur verið um að ræða myndir eða minningar tengdar kynferðisofbeldinu sem skjóta skyndilega og án fyrirvara upp í hugann og valda einstaklingum miklu hugarangri. Árið 2018 bættist við svarmöguleikinn „efasemdir um kynhneigð“. Í vinnu okkar með brotapolum höfum við séð að sumir brotapolar hafa haft efasemdir sem tengjast eigin kynhneigð í kjölfar ofbeldisins og vildum við því kortleggja betur hversu algengur þessi efi er. Mikilvægt að hafa þessa breytingu í huga þegar mynd 16 er borin saman við sambærilegar myndir í ársskýrslum fyrri ára.

Mynd 16 sýnir að hlutfallslega flestir nefndu skömm, kvíða, depurð, lélega sjálfsmýnd og sektarkennd. Í ársskýrslum fyrri ára hefur einnig komið fram að hátt hlutfall brotþola nefna depurð, lélega sjálfsmýnd og sektarkennd sem afleiðingu kynferðisofbeldis, frá því byrjað var að spyrja um skömm og kvíða hefur það alltaf verið hátt hlutfall. Athyglisvert er að 15,9% nefndu að þeir hefðu fundið fyrir efasemdum um kynhneigð sína í kjölfar kynferðisofbeldisins.



Mynd 17. Neysla eða athafnir sem eru afleiðingar kynferðisofbeldis og skerða lífsgæði og trufla daglegt líf

Hlutfallið í mynd 17 miðast við heildarfjölda einstaklinga (359), af þeim vantaði upplýsingar frá 18 eða (5%). Árið 2018 bættust við tveir nýir svarmöguleikar fyrir þessa spurningu sem voru „vinna“ og „íþróttaiðkun“. Þess ber að geta að vinna og íþróttaiðkun eru athafnir sem yfirleitt skerða ekki né trufla daglegt líf en út frá vinnu okkar með brotapolum höfum við séð hvernig vinna og íþróttaiðkun er notuð til að flýja erfiða líðan og verða þannig skaðleg. Við vildum því kortleggja hversu algengt það væri að of mikil vinna eða íþróttaiðkun skerði lífsgæði eða truflaði daglegt líf. Mikilvægt er að hafa þessa breytingu í huga þegar mynd 17 er borin saman við sambærilegar myndir í ársskýrslum fyrri ára. Mynd 17 sýnir að hlutfallslega flestir nefndu að áfengi hefði skert lífsgæði eða truflað daglegt líf eða um 31%. Tæpur fjórðungur taldi að matur og neysla annarra vímuefna hefðu skert lífsgæði þeirra og truflað daglegt líf. Um 30,1% einstaklinga töldu að ekkert af ofangreindu hafi skert lífsgæði eða truflað daglegt líf. Ársskýrslur áranna 2012 til 2017 sýna einnig að hlutfallslega flestir þeirra sem nefna að neysla eða athafnir hafi skert lífsgæði nefna að áfengi, önnur vímuefni og matur hafi skert lífsgæði og truflað daglegt líf þeirra.

Tafla 14. Sjálfsvígstilraunir

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	248	69,1%
Já	96	26,7%
Upplýsingar vantar	15	4,2%
Alls	359	100%

Tafla 15. Sjálfsvígstilraunir, fleiri ár


	2014	2015	2016	2017	2018
Já	24,2%	24,1%	24,9%	20,7%	26,7%
Nei	65,0%	72,2%	70,7%	70,4%	69,1%
Fjöldi⁵	247	280	323	379	344

Eins og tafla 14 sýnir höfðu 96 einstaklingar eða 26,7% af þeim sem leituðu til Stígamóta árið 2018 gert eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvígs. Eins og sést í töflu 15 þá var hlutfall þeirra sem gert hafa eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvígs hærra árið 2018 borið saman við árin 2014 til 2017. Hlutfall þeirra sem gert hafa eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvígs hefur verið á bilinu 20 til 26% á árunum 2014 til 2018.


Tafla 16. Hver voru viðbrögð brotaþola þegar ofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar-tilraun		Kynferðisleg áreitni	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Ég barðist á móti með líkamlegu afli eða orðum	14	11,0	94	37,5	27	38,6	49	31,2
Ég flúði eða reyndi að flýja	10	7,9	25	10,0	17	24,3	17	10,8
Ég fraus/ eða mér fannst líkami minn lamast	40	31,5	148	59,0	20	28,6	21	13,4
Ég gerði ekkert	67	52,8	92	36,7	14	20,0	48	30,6
Ég lét sem ekkert væri	39	30,7	67	26,7	11	15,7	39	24,8
Ég þóttist vera sofandi	19	15,0	22	8,8	5	7,1	15	9,6
Ég brást ekki við þar sem ég var sofandi	7	5,5	19	7,6	2	2,9	3	1,9
Ég brást ekki við þar sem ég var sofandi vegna áfengis og/eða annarra vímuefna/lyfja	2	1,6	70	27,9	7	10,0	5	3,2
Ég brást við með öðrum hætti	8	6,3	10	4,0	1	1,4	2	1,3
Ekki viss	11	8,7	5	2,0	3	4,3	6	3,8
Upplýsingar vantar	13	10,2	9	3,6	17	24,3	49	31,2
Fjöldi einstaklinga	127		251		70		157	

⁵ Athuga verður að fjöldi einstaklinga nær eingöngu til þeirra sem svöruðu með já eða nei en ekki þegar svarið var óvíst eða upplýsingar vantaði. Hlutfallið miðast hins vegar við heildarfjölda einstaklinga.



Mynd 18. Hver voru viðbrögð brotapolu þegar nauðgun átti sér stað



Mynd 19. Hver voru viðbrögð brotapolu þegar sífjaspell áttu sér stað

Tafla 16 greinir frá hver voru viðbrögð brotapolu þegar ofbeldið átti sér stað, skipt eftir brotaflokk. Hlutfallið í töflu 16 miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Mynd 18 og 19 greina frá viðbrögðum annarsvegar þeirra sem beittir höfðu verið nauðgun og hinsvegar sífjaspellum. Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi í töflu 16 og myndum 18 og 19 er hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokk þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði.

Tafla 16, mynd 18 og mynd 19 eru settar fram á annan hátt árið 2018 en á árunum á undan. Árið 2018 bættust við tveir nýir svarmöguleikar og einn svarmöguleiki var tekinn út fyrir spurningu um „viðbrögð

brotapola þegar kynferðisofbeldið átti sér stað". Svarmöguleikarnir sem bættust við voru „Ég brást ekki við þar sem ég var sofandi“ og „Ég brást ekki við þar sem ég var sofandi vegna áfengis og/eða annarra vímuefna/lyfja“. Svarmöguleikinn sem tekinn út var „Ég gerði ekkert vegna þess að mér var hótað“. Þessar breytingar voru gerðar til fá betri mynd á viðbrögð brotapola þegar kynferðisofbeldi á sér stað.

Tafla 16 og mynd 18 sýna að meirihluti þeirra sem beittir hafa verið nauðgun greindu frá að þeir hafi frosið eða fundist líkami sinn lamast eða 59%. Einnig kom fram að 36,7% þeirra sem beittir voru nauðgun gerðu ekkert og 26,7% létu sem ekkert væri. Einnig kemur fram í mynd 19 að hæsta hlutfall einstaklinga sem beittir höfðu verið sífjaspellum gerðu ekkert og næst hæsta hlutfall þeirra sem beittir höfðu verið sífjaspellum greindu frá því að þeir hafi frosið eða fundist líkami sinn lamast. Tafla 16 sýnir að þeir sem beittir höfðu verið nauðgunartilraun og kynferðislegri áreitni og greindu frá viðbrögðum við ofbeldinu greindu flestir frá því að þeir hefðu barist á móti. Næst flestir þeirra sem beittir höfðu verið nauðgunartilraun greindu frá því að þeir hafi frosið eða fundist líkami sinn lamast og næst flestir þeirra sem beittir höfðu verið kynferðislegri áreitni greindu frá því að þeir gerðu ekkert.

Ef bera á töflu 16 og mynd 18 og 19 saman við ársskýrslu ársins 2017 er mikilvægt að hafa í huga við túlkun niðurstaðna að breytingar voru gerðar á svarmöguleikum árið 2018. Niðurstöður beggja ára sýna að hæsta hlutfall þeirra sem beittir voru nauðgunum frusu eða fannst líkami sinn lamast (eða 59% bæði árin) og næst hæsta hlutfall þeirra sem beittir voru nauðgun börðust á móti með líkamlegu afli eða orðum (eða um 37% bæði árin). Hæsta hlutfall þeirra sem beittir voru sífjaspellum gerði ekkert eða um 52,8% árið 2018 og 49,4% árið 2017. Næst hæsta hlutfall þeirra sem beittir voru sífjaspellum fraus eða fannst líkami sinn lamast eða um 31,5% árið 2018 og um 40,6% árið 2017. Flestir þeirra sem beittir voru nauðgunartilraun börðust á móti með líkamlegu afli eða orðum eða um 38,6% árið 2018 og um 45,8% árið 2017.

Þessar niðurstöður sýna að algeng viðbrögð við kynferðisofbeldi er að frjósa eða finnast líkami sinn lamast, gera ekki neitt eða berjast á móti með líkamlegu afli eða orðum. Allt eru þetta eðlileg viðbrögð við þeim óeðlilegu aðstæðum sem kynferðisofbeldi er.

Það er mikilvægt að taka það fram að allir ofangreindir svarmöguleikar í töflu 16 og mynd 18 og 19 vísa til eðlilegra viðbragða við kynferðisofbeldi. Levine (1997)⁶ talar um að viðbrögð einstaklinga líkt og dýra geta verið þrenns konar þegar einstaklingur upplifir áfall eða mikinn ótta. Einstaklingar geta frosið, reynt að flýja eða barist á móti. Allt eru þetta viðbrögð sem geta hjálpað okkur að lifa af erfiðar aðstæður. Á Stígamótum lítum við svo á að það að frjósa eða gera ekki neitt séu eðlileg viðbrögð við kynferðisofbeldi líkt og það að flýja eða berjast á móti. Stundum er besta leiðin til að lifa af að gera ekki neitt eða frjósa.

6 Levine, P.A. (1997). Waking the tiger: Healing trauma. Berkeley California: North Atlantic Books.

Tafla 17. Hefur brotaþoli verið hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	310	86,4%
Já	28	7,8%
Ekki viss	8	2,2%
Upplýsingar vantar	13	3,6%
Alls	359	100%

Árið 2018 bættist spurning við spurningalistann sem lagður er fyrir brotaþola. Spurningin sem bættist við var um hvort brotaþoli hafi verið hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi. Í vinnu okkar með brotaþolum höfum við séð að sumir brotaþolar upplifa í kjölfar kynferðisofbeldis sem þeir eru beittir hræðslu um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi jafnvel þó að ekkert bendi til að þeir eigi eftir að beita slíku ofbeldi. Við vildum því kortleggja betur hversu algengur þessi ótti er. Tafla 17 sýnir að meirihluti brotaþola er ekki hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi eða 86,4% en 7,8% brotaþola nefndu að þeir væru hræddir um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi. Rétt er að ítreka að það að vera hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi er eðlileg afleiðing af kynferðisofbeldi og jafngildir ekki því að eitthvað eigi eftir að gerast. Meirihluti brotaþola beitir ekki aðra kynferðisofbeldi jafnvel þó þeir upplifi hræðslu um að eiga eftir að beita slíku ofbeldi. Eins og sést í töflu 18 hér fyrir neðan þá hefur meirihluti brotaþola eða 91,9% ekki beitt aðra kynferðisofbeldi.

Tafla 18. Hefur brotaþoli beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	330	91,9%
Já	8	2,2%
Ekki viss	10	2,8%
Upplýsingar vantar	11	3,1%
Alls	359	100%

Ein lífseig goðsögn sem gengið hefur í gegnum tíðina er að þeir sem beittir eru kynferðisofbeldi, beiti síðar á ævinni aðra slíku ofbeldi. Frá 87% til 93% þeirra sem komu til Stígamóta árin 2008 til 2018 höfðu ekki beitt aðra kynferðisofbeldi. Hins vegar er mikilvægt að muna að spurningarnar um hvort brotaþoli sé hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi eða hafi beitt aðra kynferðisofbeldi (tafla 17 og 18) eru erfiðar spurningar og án efa eru einhverjar skuggatölur hér. Þessar niðurstöður gefa ákveðnar vísbendingar þó ekki sé hægt að alhæfa út frá þeim.

Kynjamunur á kynferðis- ofbeldi og afleiðingum þess fyrir brotþola

Rétt er að ítreka það að þar sem aðeins einn einstaklingar skilgreindi kyn sitt ekki sem karl eða kona heldur skilgreindi kyn sitt á annan hátt þá er hann ekki hafður með í samanburði á kyni í töflum og myndum hér fyrir neðan út frá sjónarmiðum persónuverndar.

Tafla 19. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2018, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Sifjaspell	101	32,5	25	53,2
Nauðgun	234	75,2	17	36,2
Nauðgunartilraun	65	20,9	4	8,5
Klám	21	6,8	4	8,5
Vændi	10	3,2	3	6,4
Kynferðisleg áreitni	143	46,0	13	27,7
Stafrænt kynferðisofbeldi	40	12,9	3	6,4
Annað	13	4,2	4	8,5
Ekki viss	1	0,3	-	-
Fjöldi einstaklinga	311		47	

Hlutfallið í töflu 19 miðast við þá 47 karla og 311 konur sem nefndu að þau hefðu orðið fyrir tilteknu broti. Þá byggist fjöldi einstaklinga eingöngu á því þegar upplýsingar lágu fyrir bæði um kyn brotþola og tegund ofbeldis, þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort, þá teljast þeir ekki með í þessari töflu. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga. Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er í töflunni. Tafla 19 sýnir að hæsta hlutfall karla leitaði til Stígamóta meðal annars vegna sifjaspella. Þessar niðurstöður eru sambærilegar við niðurstöður ársskýrslna frá árunum 2014, 2015 og 2017 en þær eru ekki sambærilegar og niðurstöður í ársskýrslu frá árinu 2016, en þá hafði hæsta hlutfall karla leitað meðal annars til Stígamóta vegna nauðgana. Hæsta hlutfall kvenna leitaði til Stígamóta meðal annars vegna nauðgana. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og fram komu í ársskýrslu áranna 2014 til 2017.

Tafla 20. Mismunandi birtingarmyndir nauðgana/nauðgunartilrauna árið 2018, skipt eftir kyni


	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Nauðgun/nauðgunartilraun	190	78,2	16	84,2
Nauðgun/nauðgunartilraun þar sem meðvitundarleysi brotþola vegna áfengis og/eða lyfja var nýtt	88	36,2	3	15,8
Lyfjanauðgun (nauðgun/nauðgunartilraun þar sem brotþola voru einnig byrðuð lyf)	25	10,3	2	10,5
Hópnauðgun/nauðgunartilraun	21	8,6	2	10,5
Annað	7	2,9	1	5,3
Ekki viss	5	2,1	-	-
Fjöldi einstaklinga	243		19	

Hlutfallið í töflu 20 miðast við þá 19 karla og 243 konur sem nefndu að þau hefðu orðið fyrir tiltekinni nauðgun eða nauðgunartilraun. Þá byggist fjöldi einstaklinga eingöngu á því þegar upplýsingar lágu fyrir bæði um kyn brotþola og tegund ofbeldis, þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort, þá teljast þeir ekki með í þessari töflu. Heildarfjöldi mismunandi birtingamynda nauðgana/nauðgunartilrauna er ekki 251 eins og fjöldi nauðgana er í ástæðum þess að leitað var til Stígamóta vegna þess að einstaklingur getur merkt við fleiri en eina tegund nauðgunar. Í töflu 20 er einnig greint frá birtingarmyndum bæði nauðgana og nauðgunartilrauna og þess vegna verður fjöldinn meiri en í fjölda ástæðna fyrir komu til Stígamóta. Einnig svöruðu ekki allir þeir sem merktu við nauðgun og eða nauðgunartilraun sem ástæða komu spurningunni um mismunandi birtingarmyndir.

Tafla 20 sýnir að í hlutfallslega flestum tilvikum nauðgana/nauðgunartilrauna upplifðu brotþolar af báðum kynjum ekki byrlun, hópnauðgun eða að meðvitundarleysi þeirra væri nýtt. Athygli vekur að næst hæsta hlutfall bæði karla og kvenna nefndi að þau hefðu orðið fyrir nauðgun/nauðgunartilraun þar sem meðvitundarleysi þeirra vegna áfengis og/eða lyfja var nýtt. Þá nefndu 25 konur og 2 karlar að þeim hefði verið byrðuð lyf og 21 kona og 2 karlar að þau hefðu orðið fyrir hópnauðgun/nauðgunartilraun.

Tafla 21. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Skömm	270	88,5	37	82,2
Kvíði	266	87,2	38	84,4
Depurð	259	84,9	36	80,0
Léleg sjálfsmynd	250	82,0	36	80,0
Sektarkennd	238	78,0	28	62,2
Svipmyndir	225	73,8	32	71,1
Ótti	218	71,5	25	55,6
Erfiðleikar með svefn	210	68,9	28	62,2
Tilfinningalegur doði	213	69,8	24	53,3
Erfið tengsl við maka/vini	208	68,2	28	62,2
Reiði	200	65,6	32	71,1
Erfiðleikar í öðrum félagslegum samskiptum	168	55,1	27	60,0
Erfitt með einbeitingu	169	55,4	24	53,3
Einangrun	162	53,1	27	60,0
Kynlíf erfitt	165	54,1	17	37,8
Sjálfsvígshugleiðingar	152	49,8	24	53,3
Sjálfsköðun	106	34,8	9	20,0
Hegðunarerfiðleikar	92	30,2	16	35,6
Átröskun	90	29,5	11	24,4
Líkamlegir verkir	89	29,2	9	20,0
Kynferðisleg hegðun	82	26,9	7	15,6
Efasemdir um kynhneigð	46	15,1	10	22,2
Vændi	9	3,0	3	6,7
Annað	13	4,3	0	0,0
Ekki viss	4	1,3	0	0,0
Fjöldi einstaklinga	305		45	



Mynd 20. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis, skipt eftir kyni

Hlutfallið í töflu 21 og mynd 20 miðast við þá 45 karla og 305 konur sem tilgreindu hvaða afleiðingar þau hafa glímt við. Einstaklingar greina oft frá fleiri en einni afleiðingu í kjölfar kynferðisofbeldis og þess vegna er fjöldi tilgreindra afleiðinga hærri en fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er í töflunni.


Við lestur og túlkun töflu 21 og myndar 20 er mikilvægt að hafa í huga að fjöldi karla er aðeins 45. Fram kemur að karlar og konur nefna svipaðar afleiðingar, um eða yfir 80% kvenna og karla nefna skömm, kvíða, depurð og lélega sjálfsmynd. Einnig var athyglisvert að hærri hlutfall karla nefndi reiði borið saman við konur eða 71,1% karla borið saman við 65,6% kvenna. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður ársskýrslna árána 2014 til 2017. Þessar niðurstöður eru einnig í samræmi við rannsókn sem Særún Ómarsdóttir (2014)⁷ gerði á gögnum Stígamóta frá árunum 2011 til 2013. Þar kom fram að karlar og konur glíma við svipaðar afleiðingar í kjölfar ofbeldis. Í rannsókn Særúnar Ómarsdóttur (2014) kom fram að um eða yfir 80% kvenna og karla nefndu depurð, skömm og lélega sjálfsmynd. Einnig kom fram í rannsókn hennar að karlar nefndu reiði oftar borið saman við konur.

Athyglisvert er að samkvæmt töflu 21 og mynd 20 nefndi hærri hlutfall karla sjálfsvígshugleiðingar, einangrun, erfiðleika í félagslegum samskiptum, hegðunarerfiðleika, efasemdir um kynhneigð og vændi.

⁷ Særún Ómarsdóttir. (2014). Afleiðingar kynferðisofbeldis; Alvarleiki, tengsl við geranda, tímalengd, tíðni, aldur og kyn þolenda. MA ritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands.

Tafla 22. Neysla eða athafnir sem eru afleiðingar kynferðisofbeldis og skerða lífsgæði og trufla daglegt líf, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Áfengi	93	31,2	18	42,9
Matur	76	25,5	10	23,8
Önnur vímuefni/lyf	65	21,8	16	38,1
Vinna	53	17,8	9	21,4
Kynlíf	46	15,4	5	11,9
Klám	14	4,7	10	23,8
Íþróttaiðkun	16	5,4	6	14,3
Fjárhættuspil/tölvuleikir	8	2,7	6	14,3
Annað	7	2,3	2	4,8
Ekkert af þessu	99	33,2	9	21,4
Ekki viss	23	7,7	3	7,1
Fjöldi einstaklinga	298		42	




Mynd 21. Neysla eða athafnir sem eru afleiðingar kynferðisofbeldis og skerða lífsgæði og trufla daglegt líf, skipt eftir kyni

Hlutfallið í töflu 22 og mynd 21 miðast við þá 42 karla og 298 konur sem tilgreindu hvaða neysla eða athafnir hefðu skert lífsgæði þeirra. Einstaklingar greina oft frá mörgum atriðum sem skerða lífsgæði í kjölfar kynferðisofbeldis og þess vegna er fjöldi tilgreindra skerðinga hærri en fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er í töflu 22 og mynd 21.

Hærra hlutfall kvenna nefnir að ekkert af ofangreindu hafi skert lífsgæði þeirra borið saman við karla. Einnig var athyglisvert að hærra hlutfall karla nefnir að áfengi, önnur vímuefni/lyf, klám og fjárhættuspil/tölvuleikir hafi skert lífsgæði þeirra borið saman við konur. Þessar niðurstöður eru svipaðar og fram komu í ársskýrslum árunna 2014 til 2017. Athyglisvert er að hærra hlutfall karla nefndi að vinna og íþróttaiðkun hefðu skert lífsgæði þeirra. Mikilvægt er þó að hafa í huga að fjöldi karla er aðeins 42 en kvenna 298.

Tafla 23. Sjálfsvígstílaunir, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Nei	221	73,9	27	61,4
Já	78	26,1	17	38,6
Fjöldi einstaklinga	299		44	




Mynd 22. Sjálfsvígstílaunir, skipt eftir kyni

Hlutfallið í töflu 23 og mynd 22 miðast við þá 44 karla og 299 konur sem tilgreindu hvort þau hefðu gert tilraun til sjálfsvígis.

Eins og sést í töflu 23 og mynd 22 tilgreindi herra hlutfall karla en kvenna að þeir hefðu gert tilraun til sjálfsvígis. Þessar niðurstöður eru sambærilegar og niðurstöður árskýrslna árunna 2015 til 2017. Mikilvægt er þó að hafa í huga við túlkun og lestur töflu 23 og myndar 22 að karlar eru aðeins 44 en konur 299.

Tafla 24. Er brotaþoli hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Nei	274	90,7	36	83,7
Já	21	7,0	6	14,0
Ekki viss	7	2,3	1	2,3
Fjöldi einstaklinga	302		43	



Mynd 23. Er brotaþoli hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi, skipt eftir kyni

Hlutfallið í töflu 24 og mynd 23 miðast við þá 43 karla og 302 konur sem tilgreindu hvort þau væru hrædd um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi.

Eins og sést í töflu 24 og mynd 23 tilgreindi hæsta hlutfall bæði karla og kvenna að þau væru ekki hrædd við að eiga eftir að beita kynferðisofbeldi. Hærra hlutfall karla en kvenna tilgreindi að vera hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi. Mikilvægt er þó að hafa í huga við túlkun og lestur töflu 24 og myndar 23 að karlar eru aðeins 43 en konur 302. Rétt er að ítreka það að það að vera hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi er eðlileg afleiðing af kynferðisofbeldi. Meirihluti brotaþola beitir ekki aðra kynferðisofbeldi jafnvel þó þeir upplifi hræðslu um að eiga eftir að beita slíku ofbeldi (sjá töflu 18).

Upplýsingar um þá einstaklinga sem beittu kynferðisofbeldi

Árið 2018 var heildarfjöldi ofbeldismanna 634. Eins og fram hefur komið eru sumir ofbeldismannanna mögulega taldir oftari en einu sinni. Hér ber að ítreka að þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um alla þá ofbeldismenn sem taldir voru á árinu, byggja upplýsingar um þá sem beittu kynferðisofbeldi á þeim 575 skýrslum sem fylltar voru út af brotaþolum um ofbeldismennina.

Tafla 25. Kyn ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	551	95,8%
Kona	23	4,0%
Kyn annað	1	0,2%
Alls	575	100%

Langflestir ofbeldismennirnir eru karlar eða 95,8% og er það í samræmi við niðurstöður árskýrsla fyrri ára.

Tafla 26. Kyn ofbeldismanna, skipt eftir tegund ofbeldis

	Karl		Kona		Kyn annað		Alls
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	
Sifjaspell	117	92,1%	10	7,9%	-	-	127
Nauðgun	329	98,5%	5	1,5%	-	-	334
Nauðgunartilraun	52	100,0%	-	-	-	-	52
Klám	19	100,0%	-	-	-	-	19
Milliganga um vændi	2	100,0%	-	-	-	-	2
Kynferðislega áreitni	117	94,4%	7	5,6%	-	-	124
Stafrænt kynferðisofbeldi	16	94,1%	1	5,9%	-	-	17
Annað kynferðisofbeldi	9	81,8%	1	9,1%	1	9,1%	11

Í töflu 26 koma fram upplýsingar um kyn ofbeldismanna skipt eftir brotaflokk. Fjöldi ofbeldisbrota í töflu 26 er ekki sambærilegur við ástæður þess að leitað er til Stígamáta (tafla 3), þar sem þær upplýsingar byggja á komuskýrslum brotaþola (359) en í töflu 26 eru upplýsingar fengnar úr skýrslum um ofbeldismenn (575) þar sem kyn ofbeldismanna og tegund brots var þekkt. Þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort tegund ofbeldis og/eða kyn ofbeldismanns þá teljast þeir ekki með í þessari töflu. Eins og fram kemur í töflu 26 er meirihluti ofbeldismanna í öllum brotaflokkum karlar.

Tafla 27. Kyn ofbeldismanna og brotaþola

			Kyn ofbeldismanns				Samtals
			Karl	Kona	Kyn annað	Margir ofbeldismenn af fleiri en einu kyni	
Kyn brotaþola	Karl	Fjöldi	34	8	-	1	43
		Hlutfall %	79,1%	18,6%	-	2,3%	100,0%
	Kona	Fjöldi	274	3	1	6	284
		Hlutfall %	96,5%	1,1%	0,4%	2,1%	100,0%

Tafla 27 sýnir að kyn ofbeldismanna var tilgreint hjá 327 brotaþolum en upplýsingar vantaði um kyn ofbeldismanns hjá 31 brotaþola. Einn brotaþoli skilgreindi kyn sitt sem annað og er sleppt í þessari töflu til að tryggja að gögnin séu ekki persónugreinanleg. Ástæður þess að kyn ofbeldismanns vantaði geta verið þær að ekki allir brotaþolar fylltu út spurningalista fyrir ofbeldismenn. Tafla 27 sýnir að meirihluti karla og kvenna voru beitt ofbeldi af körlum. Hærra hlutfall karla (eða um 18,6% karla) voru beittir ofbeldi af konu borið saman við hlutfall kvenna sem beittar voru ofbeldi af konu (það voru um 1,1% kvenna). Þessar niðurstöður eru í samræmi við ársskýrslu ársins 2014 til 2017 og einnig eru þær í samræmi við niðurstöður Særúnar Ómarsdóttur (2014)⁸. Niðurstöður Særúnar sýndu einnig að meirihluti karla og kvenna eru beitt ofbeldi af körlum og hærra hlutfall karla voru beittir ofbeldi af konu borið saman við hlutfall kvenna sem voru beittar ofbeldi af konu.

⁸ Særún Ómarsdóttir. (2014). Afleiðingar kynferðisofbeldis; Alvarleiki, tengsl við geranda, tímalengd, tíðni, aldur og kyn þolenda. MA ritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands.

28 a/b. Aldur ofbeldismanna og brotaþola þegar kynferðisofbeldið var fyrst framið árið 2018

Tafla 28a. Aldur ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
10 ára eða yngri	7	1,2%
11 - 13 ára	20	3,5%
14 - 17 ára	72	12,5%
18 - 29 ára	257	44,7%
30 - 39 ára	79	13,7%
40 - 49 ára	38	6,6%
50 - 59 ára	12	2,1%
60 - 69 ára	3	0,5%
70 - 79 ára	2	0,3%
80 ára og eldri	1	0,2%
Ekki viss	62	10,8%
Upplýsingar vantar	22	3,8%
Alls	575	100%

Tafla 28b. Aldur brotaþola

	Fjöldi	Hlutfall
17 ára eða yngri	332	57,7%
18 ára eða eldri	224	39,0%
Ekki viss	3	0,5%
Upplýsingar vantar	16	2,8%
Alls	575	100%

Tafla 28 a sýnir aldur ofbeldismanna þegar þeir beittu kynferðisofbeldi í fyrsta skipti. Í töflunni kemur fram að rúmlega helmingur ofbeldismanna voru á aldrinum 18-39 ára eða um 58,4%. Árið 2018 voru 99 ofbeldismenn undir 18 ára aldri eða 17,2%. Ársskýrslur árána 2009 til 2017 sýna svipaðar niðurstöður það er að um eða yfir helmingur ofbeldismanna sé á aldrinum 18 til 39 ára.

Tafla 28 b sýnir aldur brotaþola þegar ofbeldismaður beitti hann í fyrsta skipti kynferðisofbeldi. Árið 2018 var spurningu um aldur brotaþola þegar ofbeldismaður beitti hann kynferðisofbeldi í fyrsta skipti bætt við spurningalista sem brotaþolar svöruðu um ofbeldismenn. Tafla 28 b sýnir að rúmlega helmingur brotaþola voru yngri en 18 ára þegar ofbeldismaður beitti þá kynferðisofbeldi í fyrsta skipti.

Tafla 29. Þjóðerni ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Íslenskur	472	82,1%
Frá Evrópu	43	7,5%
Utan Evrópu	24	4,2%
Blandað þjóðerni	6	1,0%
Óvíst	30	5,2%
Alls	575	100%

Eins og sést á töflu 29 eru flestir ofbeldismennirnir íslenskir eða 82,1%. Óvíst var um þjóðerni ofbeldismanna í um 5,2% tilfella. Þessi tafla sýnir svipaðar niðurstöður og fram komu í ársskýrslum árána 2008 til 2017. Goðsögnin um að íslenskum konum stafi mest hættu af erlendum mönnum sem koma hingað til lands fær því ekki staðist.

Tafla 30. Hjúskaparstaða ofbeldismannsins þegar hann beitti ofbeldinu

	Fjöldi	Hlutfall
Barn (á ekki við)	49	8,5%
Einhleyp(ur)	178	31,0%
Í sambandi	68	11,8%
Í sambúð/hjúskap	110	19,1%
Fráskilin(n)/slitið sambúð	11	1,9%
Ekki viss	138	24,0%
Upplýsingar vantar	21	3,7%
Alls	575	100%


Í töflu 30 er miðað við hjúskaparstöðu ofbeldismanns þegar hann beitti ofbeldi í fyrsta skiptið. Um 30,9% ofbeldismanna voru í sambandi eða sambúð/hjúskap þegar þeir beittu ofbeldinu. Niðurstöður árskýrslna áráanna 2008 til 2018 sýna að um og yfir 30% ofbeldismanna voru í sambandi eða sambúð/hjúskap þegar þeir beittu ofbeldinu.

Tafla 31. Fjöldi ofbeldismanna fyrir hvern brotabola

	Fjöldi	Hlutfall
1 ofbeldismaður	192	53,5%
2 ofbeldismenn	69	19,2%
3 ofbeldismenn	38	10,6%
4 ofbeldismenn	18	5,0%
5 ofbeldismenn	7	1,9%
6 ofbeldismenn	4	1,1%
Upplýsingar vantar	31	8,6%
Alls	359	100%

Tafla 31 sýnir hve margir ofbeldismenn höfðu beitt brotabola ofbeldi. Eins og sjá má var í 37,8% tilfella um fleiri en einn ofbeldismann að ræða. Árskýrslur áráanna 2008 til 2017 sýna að í um og yfir 30% tilfella er um fleiri en einn ofbeldismann að ræða.


Í töflu 31 kemur fram að í 11 tilfellum eru 5 til 6 ofbeldismenn sem hafa beitt sama einstakling ofbeldi. Stundum getur verið um að ræða að tveir eða fleiri beiti ofbeldi á sama tíma eða tímabili en stundum geta það verið aðskilin atvik og/ eða tímabil sem um ræðir.



Mynd 24. Tengsl við ofbeldismenn


Mynd 24 sýnir tengsl einstaklinga sem orðið hafa fyrir ofbeldi við ofbeldismenn. Tölur og hlutföll í myndinni miðast við fjölda ofbeldismanna (575). Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 16,5% ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2018 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu og um 69,5% ofbeldismannanna voru tengdir þeim sem þeir beittu ofbeldinu fjölskylduböndum eða voru vinnur eða kunningjar þeirra (sjá mynd 24). Þegar litið er í ársskýrslur árána 2010 til 2017 kemur einnig fram að um og yfir 70% ofbeldismanna voru tengdir þeim sem þeir beittu ofbeldinu fjölskylduböndum eða voru vinnur eða kunningjar þeirra. Goðsögnin um að einstaklingum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.

Upplýsingar í myndum 25 og 26 hér fyrir neðan eru settar fram með öðrum hætti en í ársskýrslum fyrri ára. Mikilvægt er að taka fram hér að fjöldi ofbeldisbrota á myndum 25 og 26 er ekki sambærilegur við ástæður þess að leitað er til Stígamóta, sem sýndar eru í töflu 3, þar sem þær upplýsingar byggja á komuskýrslum brotapolu (359) en í myndunum eru upplýsingar fengnar úr skýrslum um ofbeldismenn (575). Til dæmis getur verið að brotapolu merki við „nauðgun“ sem ástæðu þess að leitað var til Stígamóta og telst það sem ein ástæða en viðkomandi brotapolu hefur svo kannski verið nauðgað af tveimur ofbeldismönnum og teljast þær þá sem tvær nauðganir í mynd 26. Þá byggist fjöldi ofbeldismanna í myndum 25 og 26 eingöngu á því þegar upplýsingar lágu fyrir um bæði tengsl og tegund ofbeldis, þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort tegund ofbeldis og/eða tengsl ofbeldismanns við brotapolu, þá teljast þeir ekki með í þessum myndum.



Mynd 25. Tengsl brotaþola við ofbeldismenn sem beittu þá sífjaspellum

Hlutfallið í mynd 25 miðast við þá 127 ofbeldismenn sem vitað var að beittu sífjaspellum og upplýsingar lágu fyrir um tengsl þeirra við þá sem þeir brutu á. Eins og sést á mynd 25 voru um 59,8% ofbeldismanna sem beittu sífjaspellum tengdir þeim sem þeir beittu ofbeldinu fjölskylduböndum. Þetta er svipað hlutfall og fram kom í ársskýrslu ársins 2017 en þá voru 60,7% ofbeldismanna tengdir þeim sem þeir beittu sífjaspellum fjölskylduböndum.



Mynd 26. Tengsl brotaþola við ofbeldismenn sem beittu þá nauðgunum

Hlutfallið í mynd 26 miðast við þá 334 ofbeldismenn sem vitað var að beittu nauðgunum og upplýsingar lágu fyrir um tengsl þeirra við þá sem þeir brutu á. Eins og sést á mynd 26 voru um 65,6% ofbeldismanna sem beittu nauðgunum makar, fyrirverandi makar, vinir eða kunningjar þeirra sem þeir beittu ofbeldinu. Þetta er aðeins lægra hlutfall en fram kom í ársskýrslu ársins 2017 en þá voru 72,9% ofbeldismanna makar fyrirverandi makar, vinir eða kunningjar þeirra sem þeir beittu ofbeldinu.

Tafla 32. Hefur brotaþoli rætt ofbeldið við ofbeldismanninn?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	434	75,5%
Já	100	17,4%
Óvíst	15	2,6%
Upplýsingar vantar	26	4,5%
Alls	575	100%

Tafla 32 sýnir að fáir hafa rætt ofbeldið við ofbeldismann eða 17,4%. Þetta eru svipaðar niðurstöður og fram komu í árskýrslu ársins 2017 en þá höfðu brotaþolar rætt ofbeldið við 19,5% ofbeldismanna.

Tafla 33. Svör ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Viðurkenndi ofbeldið	32	39,5%
Hafnaði ofbeldinu	32	39,5%
Kenndi mér um ofbeldið	3	3,7%
Ekkert af þessu	2	2,5%
Ekki viss	5	6,2%
Annað	7	8,6%
Alls	81	100%

Tafla 33 sýnir að í 43,2% tilfella þar sem brotaþoli hafði rætt ofbeldið við ofbeldismanninn og gefið svar við því hvernig ofbeldismaður brást við, kenndi ofbeldismaður brotaþolanum um ofbeldið eða hafnaði því alfarið. Þetta eru svipaðar niðurstöður og fram komu í árskýrslu ársins 2017 en þá var hlutfallið 41,2%.

Tafla 34. Fjöldi ofbeldismanna undir áhrifum áfengis- eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	188	32,7%
Já	173	30,1%
Stundum	67	11,7%
Óvíst	125	21,7%
Upplýsingar vantar	22	3,8%
Alls	575	100%

Eins og sjá má í töflu 34 kemur fram að um 32,7% ofbeldismanna voru ekki undir áhrifum áfengis/vímuefna og 11,7% voru það stundum og stundum ekki (í slíkum tilfellum beitti ofbeldismaðurinn brotaþola ofbeldi oftast en einu sinni). Þetta eru svipaðar niðurstöður og fram komu í ársskýrslu ársins 2017, en þá voru 37% ofbeldismanna ekki undir áhrifum áfengis/vímuefna og um 11% voru það stundum og stundum ekki.

Tafla 35. Samanburður á því hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið, flokkað eftir sifjaspellum annars vegar og nauðgunum hins vegar

	Sifjaspell		Nauðgun	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Nei	73	59,8%	75	23,3%
Já	10	8,2%	135	41,9%
Stundum	7	5,7%	46	14,3%
Óvíst	32	26,2%	66	20,5%
Alls	122	100%	322	100%


Eins og tafla 35 sýnir voru 8,2% þeirra sem beittu sifjaspellum undir áhrifum vímugjafa og 5,7% voru það stundum. Af þeim sem nauðguðu voru 41,9% undir áhrifum vímugjafa og 14,3% voru það stundum. Þetta eru svipaðar niðurstöður og fram komu í ársskýrslu ársins 2017, en þá var hlutfall þeirra sem beittu sifjaspellum og voru undir áhrifum vímugjafa 9,3% og hlutfall þeirra sem nauðguðu og voru undir áhrifum vímugjafa var 43,3%. Fjöldi ofbeldismanna í töflu 35 byggist eingöngu á þeim upplýsingum sem lágu fyrir um bæði tegund ofbeldis og hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið. Þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort tegund ofbeldis og/eða hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið þá teljast þeir ekki með í þessari töflu.

Tafla 36. Hefur ofbeldismaðurinn beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	14	2,4%
Já	106	18,4%
Óvíst	441	76,7%
Upplýsingar vantar	14	2,4%
Alls	575	100%


Eitt af því sem spurt er um í spurningalistanum um ofbeldismenn er hvort brotapolí viti til þess að ofbeldismaður hafi beitt aðra kynferðisofbeldi. Eins og gefur að skilja eru margir sem ekki geta svarað þeirri spurningu. Þó er vitað að 18,4% ofbeldismannanna hafa beitt aðra kynferðisofbeldi. Það er í samræmi við upplýsingar sem liggja fyrir um að hluti kynferðisbrotamanna beiti fleiri en eina manneskju kynferðisofbeldi (sjá fyrri ársskýrslur).

Í myndum 27 til 31 hér fyrir neðan er sérstaklega skoðað hvaða aðferðir ofbeldismenn nota þegar þeir beita brotapolá kynferðisofbeldi. Rétt er að ítreka það að ofbeldismenn eru einir ábyrgir fyrir því kynferðisofbeldi sem þeir beita og þeir nota ýmsar aðferðir til að beita ofbeldinu.




Mynd 27. Þvingunaraðferðir við beitingu ofbeldis

Á mynd 27 er yfirlit yfir það hvort og þá hvaða þvingunaraðferðum ofbeldismaður beitti við ofbeldið. Þessi mynd á við allar birtingarmyndir kynferðisofbeldis. Hlutfallið í myndinni miðast við heildarfjölda ofbeldismanna (575), upplýsingar um hvaða þvingunaraðferðum var beitt vantaði hjá 34 ofbeldismönnum (5,9%). Mynd 27 sýnir að í 40,2% tilfella var engum af ofangreindum þvingunaraðferðum beitt. Einnig má sjá að 33,4% ofbeldismanna beitti andlegu ofbeldi, 22,1 % beitti hótunum og 16% beittu líkamsmeiðingum. Þetta eru svipuð hlutföll og komu fram í ársskýrslu ársins 2017 en þá hafði hæst hlutfall þeirra ofbeldismanna sem beitti einhverri af ofangreindum þvingunaraðferðum beitt andlegu ofbeldi (eða um 25%) og næst hæsta hlutfall hafði beitt hótunum (eða um 19,5%). Þetta sýnir að hluta til alvarleika brotanna en um leið er rétt að ítreka að kynferðisofbeldi er í sjálfu sér ofbeldi og þvingun og er mjög alvarlegt þó hér séu gefnar upplýsingar um sérstakar þvingunaraðferðir sem stundum er beitt til viðbótar við kynferðisofbeldið sjálft.



Mynd 28. Hvað gerði ofbeldismaðurinn til að tryggja þögn brotþola?


Mynd 28 skoðar sérstaklega hvað ofbeldismenn gerðu til að tryggja þögn brotþola og á við um allar birtingarmyndir kynferðisofbeldis. Hlutfallið á við fjölda ofbeldismanna (575) en samanlagt hlutfall verður hærra en 100% þar sem stundum var merkt við fleiri en eitt atriði. Af þeim 575 ofbeldismönnum sem miðað er við í mynd 28 vantaði upplýsingar frá 29 (5%). Athyglisvert er að um 16,7% ofbeldismanna notaði hótanir og 13,7% ofbeldismanna kenndi brotþola um ofbeldið (sjá mynd 28). Þetta eru svipuð hlutföll og komu fram í ársskýrslu ársins 2017 en þá notuðu 15,6 % ofbeldismanna hótanir og 13,6% ofbeldismanna kenndu brotþola um ofbeldið.



Mynd 29. Samanburður milli nauðgana og sifjaspella


Mynd 29 sýnir hvað þeir ofbeldismenn sem beittu nauðgunum og hvað þeir ofbeldismenn sem beittu sifjaspellum gerðu til að tryggja þögn brotþola. Hlutfallið í mynd 29 miðast við þá 122 sem beittu sifjaspellum og merkt var við hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotþola og 316 sem beittu nauðgunum og merkt var við hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotþola. Þessar upplýsingar byggja á skýrslum um ofbeldismenn og er ekki hægt að bera þessar tölur saman við ástæður þess að leitað var til Stígamóta.

Mynd 29 sýnir að nokkur munur er á aðferðum ofbeldismanna við að tryggja þögn brotþola. Þar ber sérstaklega að nefna að hærra hlutfall þeirra sem beita sifjaspellum nota gjafir eða múta borið saman við þá sem beita nauðgunum. Hærra hlutfall þeirra sem nauðgaði kenndi brotþola um ofbeldið eða beitti líkamlegu ofbeldi borið saman við hlutfall þeirra sem beittu sifjaspellum (sjá mynd 29). Niðurstöður ársskýrslu ársins 2017 sýndi svipuð hlutföll en þar kom fram að hærra hlutfall þeirra ofbeldismanna sem beittu sifjaspellum gaf gjafir eða mútaði borið saman við þá sem beittu nauðgunum. Einnig sýndi ársskýrsla ársins 2017 að hærra hlutfall þeirra ofbeldismanna sem beittu nauðgunum kenndi brotþola um ofbeldið eða beitti líkamlegu ofbeldi borið saman við þá sem beittu sifjaspellum.



Mynd 30. Gerði ofbeldismaður eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu fyrir, á meðan eða eftir að ofbeldið átti sér stað?

Árið 2018 var spurningunni um „hvort ofbeldismenn hefðu gert eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldi fyrir, á meðan eða á eftir að ofbeldið átti sér stað“, bætt við spurningalistann sem lagður er fyrir brotaþola þar sem spurt er um þá sem beittu ofbeldinu. Með þessari spurningu leitumst við að fá betri mynd af því hvað ofbeldismenn gera til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldi (þetta er oft nefnt grooming á ensku). Hlutfallið í mynd 30 miðast við fjölda ofbeldismanna (575) en samanlagt hlutfall verður hærra en 100% þar sem stundum var merkt við fleiri en eitt atriði. Af þeim 575 ofbeldismönnum sem miðað er við í mynd 30 vantaði upplýsingar frá 21 (3,7%). Mynd 30 sýnir að um 40% ofbeldismanna höfðu unnið sér inn traust brotaþola og um 27% ofbeldismanna byggðu upp tilfinningaleg tengsl við brotaþola til að undirbúa eða viðhalda kynferðisofbeldinu. Af þessu má sjá að ofbeldismenn hafa oft gert eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda því kynferðisofbeldi sem þeir beita. Við á Stígamótum lítum alltaf svo á að kynferðisofbeldið sé einungis á ábyrgð þess sem beitir því.



Mynd 31. Gerði ofbeldismaður eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu skipt eftir tegund ofbeldis sem hann beitti

Ef skoðað er sérstaklega hvernig þessu er háttað í nauðgunar- og sifjaspellsmálum kemur í ljós að í báðum brotaflokkum byggja um 30% ofbeldismanna upp tilfinningaleg tengsl við brotaþola til að undirbúa og/eða viðhalda ofbeldinu. Athyglisvert er að aðeins hærra hlutfall þeirra sem beittu sifjaspellum unnu sér inn traust og gáfu gjafir til að undirbúa og/eða viðhalda ofbeldinu borið saman við þá ofbeldismenn sem beittu nauðgunum (sjá mynd 31). Hlutfallið í mynd 31 miðast við þá 123 sem beittu sifjaspellum og merkt var við hvort þeir gerðu eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu og 323 sem beittu nauðgunum og merkt var við hvort þeir gerðu eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu. Þessar upplýsingar byggja á skýrslum um ofbeldismenn og er ekki hægt að bera þessar tölur saman við ástæður þess að leitað var til Stígamóta.

Kærð mál

Tafla 37. Kynferðisofbeldi sem kært var til lögreglu skipt eftir öllu kynferðisofbeldi, sifjaspelli og nauðgun

	Allt kynferðisofbeldi		Sifjaspell		Nauðgun	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Nei	482	83,8%	104	86,7%	283	91,0%
Já	45	7,8%	12	10,0%	23	7,4%
Óvíst	12	2,1%	4	3,3%	5	1,6%
Upplýsingar vantar	36	6,3%	-	-	-	-
Alls	575	100%	120	100%	311	100%

Af öllum þeim málum sem til Stígamóta bárust árið 2018 og upplýsingar voru um þá sem beittu ofbeldinu vitum við að 7,8% mála komust til opinberra aðila (sjá töflu 37). Í ársskýrslum fyrir árin 1992 til 2017 kemur fram að um 4% til 17% mála hvert ár voru kærð til lögreglu. Í töflu 37 er einnig hægt að sjá upplýsingar um þau mál þar sem vitað var að ofbeldismaður beitti sifjaspellum eða nauðgun og upplýsingar um hvort mál hefðu verið kærð til lögreglu lágu fyrir. Hafa ber í huga við túlkun niðurstaðna að ef ekki voru upplýsingar um hvort nauðgun eða sifjaspell voru kærð til lögreglu þá eru þau ekki með í ofangreindri töflu. Aðeins herra hlutfall sifjaspella hafði verið kært til lögreglu eða 10% borið saman við hlutfall nauðgana en það var 7,4%.

Tafla 37 sýnir að meirihluti allra mála í öllum brotaflokkum sem greint er frá í töflunni voru ekki kærð til lögreglu. Ástæðurnar fyrir því að mál eru ekki kærð eru margar. Mál eru oft fyrnd þegar þau berast Stígamótum. Algengt er líka að fólk treysti sér ekki í gegnum yfirheyrslur og hafi ekki trú á að það nái fram rétti sínum fyrir dómstólum. Enn önnur skýring og e.t.v. algengari en marga grunar er að þau sem beitt eru kynbundnu ofbeldi eru svo þjökud af skömm, sektarkennd og lélegri sjálfsmynd að þau treysta sér ekki til þess að kæra og finnst þau jafnvel bera ábyrgð á ofbeldinu sjálf, annað hvort að hluta til eða alveg.

Þannig kom fram í könnun sem gerð var af Hildigunni Magnúsdóttur og Katrínu Erlingsdóttur (2007)⁹ að um 85% þeirra sem leituðu til Stígamóta nefndu skömm sem ástæðu fyrir að kæra ekki og að 75% kvenna sem hafði verið nauðgað litu svo á að nauðgunin hefði verið þeim sjálfum að kenna.

9 Hildigunnur Magnúsdóttir og Katrín Erlingsdóttir. (2007). Íslenskir kynferðisbrotamenn: greining út frá svörum brotaþola. Lokaritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands.

Tafla 38. Var ofbeldismaður ákærður?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	3	6,7%
Já	15	33,3%
Málið var felld niður	7	15,6%
Málið er í vinnslu	15	33,3%
Ekki viss	5	11,1%
Alls	45	100%

Tafla 39. Hvernig var dæmt í málinu í héraðsdómi?

	Fjöldi	Hlutfall
Sýknun	7	46,7%
Skilorð	3	20,0%
Fangelsi	3	20,0%
Ekki viss	2	13,3%
Alls	15	100%

Tafla 40. Hvernig var dæmt í málinu í Hæstarétti?

	Fjöldi	Hlutfall
Ekki vísað til hæstaréttar	4	30,8%
Sami dómur	1	7,7%
Héraðsdómur hækkaður	1	7,7%
Ekki viss	7	53,8%
Alls	13	100%

Töflur 38, 39 og 40 gefa til kynna hvernig öllum þeim kynferðisbrotamálum sem kærð voru til lögreglu reiddi af í dómskerfinu. Eins og sjá má í töflu 38 endaði 33,3% þeirra mála sem kærð voru til lögreglu með ákæru og 15,6% málanna voru felld niður. Aftur á móti voru 33,3% málanna enn í vinnslu. Af þeim 15 málum sem fóru fyrir héraðsdóm enduðu 20% með fangelsisdómi eða skilorði eða samanlagt um 40% (sjá töflu 39). Af þeim 13 málum þar sem dómur hafði fallið hjá héraðsdómi var fjórum málum (30,8%) ekki vísað til hæstaréttar og í einu máli (7,7%) var héraðsdómur hækkaður. Í 7 málum (53,8%) var ekki vitað hvort málinum hafði verið vísað til hæstaréttar (sjá töflu 29). Af þessu sést að aðeins lítill hluti þeirra kynferðisbrotamála sem kærð eru til lögreglu enda með ákæru. Þessar niðurstöður eru í samræmi við ársskýrslur fyrir árin 2013 til ársins 2017.

Aðstandendur

Heildarfjöldi nýrra aðstandenda árið 2018 voru 70 einstaklingar og byggja allar upplýsingar í þessum kafla á þeim fjölda.

Tafla 41. Er brotapolí sjálfur í viðtölum hjá Stígamótum eða hefur hann verið í viðtölum hjá Stígamótum

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	32	45,7%
Já	33	47,1%
Ekki viss	3	4,3%
Upplýsingar vantar	2	2,9%
Alls	70	100%

Í töflu 41 sést að í 45,7% tilfella þar sem aðstandendur leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti höfðu brotapolarnir sjálfir ekki leitað aðstoðar hjá Stígamótum.

Tafla 42 a/b. Aðstandandi hvers kom í viðtal og hvernig eru tengslin?

Tafla 42a. Aðstandandi

	Fjöldi	Hlutfall
Brotapola	52	74,3%
Ofbeldismanns	3	4,3%
Bæði brotapola og ofbeldismanns	15	21,4%
Alls	70	100%

Tafla 42b. Tengsl aðstandanda

	Aðstandandi brotþola		Aðstandandi ofbeldismanns	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Foreldri	25	37,3%	5	27,8%
Maki	18	26,9%	1	5,6%
Fyrrverandi maki	-	-	1	5,6%
Systkini	3	4,5%	1	5,6%
Barn (afkomandi)	2	3,0%	4	22,2%
Amma/afi	2	3,0%	-	-
Frænka/frændi	3	4,5%	1	5,6%
Tengdaforeldrar	-	-	1	5,6%
Vinur/vinkona	9	13,4%	1	5,6%
Önnur tengsl	3	4,5%	1	5,6%
Upplýsingar vantar	2	3,0%	2	11,1%
Alls	67	100%	18	100%

Í töflum 42a sést að 95,7% nýrra aðstandanda eru tengdir brotþola og 25,7% eru tengdir ofbeldismanni. Tafla 42b sýnir annars vegar tengsl aðstandanda við brotþola og hinsvegar tengsl brotþola við ofbeldismann. Í töflu 42b sést að meirihluti nýrra aðstandenda sem komu til Stígamóta voru foreldrar og makar brotþola, eða 64,2%. Um 78% nýrra aðstandanda sem tengdust ofbeldismanni voru tengdir ofbeldismanni fjölskylduböndum, sem foreldri, tengdaforeldri, maki, fyrrverandi maki, systkini, barn eða frænka/frændi ofbeldismanns. Þetta eru svipuð hlutföll og fram kom í ársskýrslu ársins 2017 en þá var hæst hlutfall aðstandanda brotþola maki hans eða foreldri eða um 70,3%. Einnig kom fram í ársskýrslu ársins 2017 að allir sem voru aðstandendur ofbeldismanns tengdust honum fjölskylduböndum.

Tafla 43. Kyn aðstandenda

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	30	42,9%
Kona	40	57,1%
Alls	70	100%

Í töflu 43 kemur fram að meirihluti nýrra aðstandenda, sem leituðu til Stígamóta árið 2018 voru konur, eða 57,1%. Þetta er svipað hlutfall og kom fram í ársskýrslum árána 2008 til 2017, en öll árin var meirihluti aðstandanda konur.

